

**SKOÐUN** Undirskriftasöfnunin Þjóðareign sýnir að almenningi er nóg boðið. 16



**MENNING** Syngur Jesú í Jóhannesarpassíu Bach á sunnudaginn. 26



**LÍFIÐ** Hljómsveitin Ensími leggur lokahönd á nýja plötu. 28



**SPORT** Atli Guðnason er áfram maðurinn á bak við mörkin hjá FH. 34


Til hvers að flækja hlutina?
SJÁLFKRAFA Í BESTA ÞREP!
365
365.is
Sími 1817



# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
15. maí 2015
113. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**LÍFIÐ**



### Bónorð í SMS-i

Signý Kolbeinsdóttir er vöruhönnuður og heilinn á bak við Tulipop-fígúrurnar. Hún leyfir lesendum að skyggnast inn í ástina sem birtist henni á barnum, óþolandi frekjugang Dana, sjálfstæðiseflandi uppeldi og bóhemskan lífsstíl.

**FRÉTTIR**



### Milljónir til kirkjunnar

Bæjarráð Garðabæjar hefur samþykkt 16,5 milljóna króna úthlutun til tveggja þjóðkirkjusókna í bæjarfélaginu. Efla á sunnudagaskóla og annað æskulýðsstarf. 2

**Gagnrýnir velferðarráðuneytið**
Ríkisendurskoðun segir miðlun upplýsinga um rekstur og starfsemi hjúkrunarheimila vera ábótavant hjá velferðarráðuneytinu. Lítið hefur breyst frá síðustu ábendingum fyrir þremur árum. 2

**Þriðjungur tekna í fasteignagjöld**
Harpa þarf að greiða rúmlega 380 milljónir í fasteignagjöld eftir dómsúrskurð héraðsdóms Reykjavíkur. 10




16

**3 SÉRBLÖÐ**

Lífið | Fólk






„Þetta var ný og skemmtileg tilfinning sem ég hef aldrei upplifað áður. Ég var bara í sjokki eiginlega.

**EFNILEG** Hin fimmtán ára gamla Lovísa Thompson tryggði Gróttu fyrsta Íslandsmeistaratitilinn í handknattleik kvenna. Á milli handboltaæfinga situr hún yfir skólabókunum, en hún er að klára grunnskólann í vor. Lovísa er yngsti leikmaður Gróttuliðsins, tuttugu og tveggja ára aldursmunur er á henni og elsta leikmanni liðsins. Sjá síðu 4 FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Óttast mótmæli við íslenska skálann

**Feneyingar eru hvattir til þess að sniðganga Ísland og íslenskar vörur vegna skálans á Tvíæringnum. Blekking að ekki sé búið að afhelga kirkjuna, segja aðstandendur. Ósáttir við íslenska konsúlinn og vilja að íslensk stjórnvöld svari fyrir sig.**

**MENNING** Aðstandendur íslenska verksins á Tvíæringnum í Feneyjum óttast mótmæli við íslenska skálann í dag. Heimamenn hafa verið hvattir til að sniðganga Ísland og íslenskar vörur. Kallað er eftir því að íslensk stjórnvöld svari fyrir sig.

„Menn eru skíthræddir við mótmæli hér við bænir á morgun [í dag]. Margir vilja draga sig út úr þessu og ekki mæta,“ segir Sverrir Agnarsson, formaður Félags múslima á Íslandi, sem staddur er í Feneyjum.

Auglýsingaspjöldum, þar sem hvatt er til þess að sniðganga Ísland og íslenskar vörur, hefur verið dreift um borgina. Þar er Ísland sagt hafa „lítilsvirt og afhelgað tákn kristni okkar, menningu og sögulegt minni með því að setja upp mosku í kirkjunni Santa Maria della Misericordia.“

Sverrir segir grundvallarmisskilnings gæta varðandi húsnæðið sem hýsir íslenska skálann. Þar hafi verið kirkja en hún hafi verið afhelguð árið 1973 og meðal annars notuð sem vöruskemma. Mikilvægt sé að íslensk stjórnvöld bregðist við gagnrýninni, en Sverrir segir íslenska konsúlinn hafa tekið undir þessi röngu sjónarmið.



„Svörum lítillækkandi, móðgandi og ögrandi gjörðum þjóðar sem virðist enn vera ósiðmenntuð.

*Úr dreifibréfinu*

Sverrir segir að verið sé að ráðast á Ísland og íslenska hagsmuni á fölskum forsendum og það verði að leiðrétta. Í dreifimiðanum segir meðal annars:

„Svörum lítillækkandi, móðgandi og ögrandi gjörðum þjóðar sem virðist enn vera ósiðmenntuð með því að sniðganga vörur þeirra og tilboð varðandi ferðamennsku frá landi þeirra ÍSLANDI!

Hættum að kaupa vörur made in Iceland eða eins og í þeirra tilviki fisk og afurðir úr Norðurhafinu.“

Forsvarsmaður mótmælanna er sagður vera Luigi Coró, sem hvetur til þess að andmæli séu send á ræðismannsskrifstofu Íslands í Mílanó.

Sverrir segir að mótmælin séu nú farin að snúast gegn Íslandi og íslenska fánanum, með blekkingum. Við því þurfi að bregðast. - kóp

Opin hinsegin fræðsla:

## Samtökin ‘78 blása til fræðslu

**MENNTUN** Samtökin ‘78 standa fyrir opinni fræðslu um hinsegin fólk á sunnudaginn næstkomandi.

„Fræðslan er haldin út af þessari miklu umræðu sem hefur verið um fræðslu samtakanna og fræðslustörf almennt. Í kjölfarið ákváðu Samtökin ‘78 að blása til opinnar fræðslu vegna mikilla ranghugmynda í umræðunni, til dæmis á internetinu og á Útvarpi Sögu, um hvað svona fræðsla snýst og hvernig hún fer fram,“ segir Ugla Stefanía Kristjönudóttir Jónsdóttir, fræðslufulltrúi Samtakanna ‘78.



UGLA STEFANÍA KRISTJÖNUDÓTTIR JÓNSDÓTTIR

Opin fræðsla samtakanna, sem hefur aldrei verið haldin áður, fer fram á alþjóðlegum degi gegn hinsegin fóbíu. Bæjarfélög eru þá hvött til að flagga hinsegin fánanum. - þea / sjá síðu 6

Landlæknir um horfur:

## Þriggja áratuga vanræksla

**HEILBRIGÐISMÁL** Það kom Birgi Jakobssyni landlækni rækilega á óvart að raunverulegur vandi kerfisins er sá sami og fyrir þremur áratugum. „Ef ég lít á heilbrigðisþjónustuna eins og hún er í dag og þegar ég var hér að störfum 1988 eru raunveruleg vandamál heilbrigðisþjónustunnar hin sömu og þá.“



BIRGIR JAKOBSSON

Hann segir brestina enn áþreifanlegri eftir kreppu.

Við notuðum ekki góðærið til að bæta lestina í íslenskri heilbrigðisþjónustu og gera hana eins góða og mögulegt er. Það er ekki skrítið að þar sem voru brestir fyrir kreppu eru enn áþreifanlegri brestir eftir kreppu,“ segir Birgir og segir vanræksluna dýra.

„Þar sem við höfum vanrækt að bæta þessa þjónustu í áratugi, þá verður allt sem við þurfum að gera svo miklu dýrara. Þær fjárfestingar sem við höfum frestað eða látið hjá líða koma í hausinn á okkur núna. “ -kbg / sjá bls 12


Netið hjá Nova
Fyrir heimilið og bústaðinn
Nánari upplýsingar á Nova.is
4G box
990 kr. á mánuði í 12 mánuði.
9.990 kr. staðgreitt. Verð miðað við 6 mán. þjónustusamning í áskrift.


4G LTE
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA

## VEÐUR




Hvessir heldur og bætir í rigningu í dag, einkum þó suðaustan til. Áfram milt veður og gæti hiti náð 13 stigum á Norðurlandi.

SJÁ SÍÐU 22

Gunnar Bragi Sveinsson og aðrir utanríkisráðherrar ríkja Atlantshafsbandalagsins funduðu í Tyrklandi:

# Funda um breytt öryggisumhverfi Evrópu

**UTANRÍKISMÁL** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sótti utanríkisráðherrafund Atlantshafsbandalagsins sem lauk í gær. Fundurinn fór fram í borginni Antalya í Tyrklandi. Meðal þess sem rætt var á fundinum voru málefni Úkraínu, Afganistans og breytt öryggisumhverfi Evrópu.

Úkraínuráð bandalagsins ræddi um stöðu mála í Austur-Úkraínu og framkvæmd Minsk-samkomulagsins sem gengur meðal annars út á flutning stórskotaliða frá víglínunni og stofnun vopnlauss svæðis. Á fundinum ítrekuðu bandalagsríkin stuðning sinn við úkraínsku þjóðina og hvöttu deiluaðila til þess að standa vörð um Minsk-samkomulagið. „Það er helsta haldreipi okkar og það þurfa allir að leggjast á eitt við að tryggja að því verði fylgt eftir,“ sagði Gunnar Bragi.

Gunnar Bragi tilkynnti þar að auki þátttöku Íslands í stuðningssjóði við starfsmenntun her- og lögreglukvenna í Jórdaníu.

Fundað var um breytingar á öryggisumhverfi Evrópu vegna aukinna hernaðarumsvifa Rússa sem og öfgahópa í Miðausturlöndum og Norður-Afríku. Vel gengur að þróa viðbúnaðaráætlun bandalagsins og mun þeirri vinnu ljúka að mestu á næsta ári.

„Það er mikilvægt að bandalagið fylgist vel með þróun mála, þar með talið á Norður-Atlantshafinu og norðurslóðum, til að tryggja friðsamlega þróun svæðisins,“ sagði Gunnar Bragi. **- þea**



**BREYTT ÖRYGGISUMHVERFI** Gunnar Bragi Sveinsson fundaði í Tyrklandi með utanríkisráðherrum Atlantshafsbandalagsríkja. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**SLÆMAR VINNUAÐSTÆÐUR** Verkamenn á Filippseyjum brunnu inni vegna stálrimla sem voru fyrir gluggum. NORDICPHOTOS/AFP

Harmleikur við slæmar vinnuaðstæður í Filippseyjum:

## Verksmiðjubruni 72 að bana

**FILIPPSEYJAR Eldur í skóverksmiðju í borginni Valenzuela á Filippseyjum varð 72 að bana á miðvikudag. Nærri öll fórnarlömb eldsvoðans voru föst á annarri hæð verksmiðjunnar í brunanum, þar sem þau gátu ekki komist út því stálrimlar voru fyrir gluggunum. Borgaryfirvöld segja eldinn hafa kviknað út frá logsuðutæki þegar starfsmaður var að logsjóða nálægt eldfimum efnum.**

**Laun starfsmanna verksmiðjunnar voru vel undir lágmarkslaunum, þeir unnu innan um eldfim spilliefni og höfðu ekki fengið neina viðbragðsþjálfun ef eldur skyldi koma upp.**

**Starfsmenn fyrirtækisins fengu margir hverjir laun sem samsvara 876 krónum á dag en lágmarkslaun í landinu eru um 1.405 krónur á dag.** **- þea**

Ísraelar fordæma Vatíkanið:

## Páfi viðurkennir Palestínuríki

**VATÍKANIÐ** Fulltrúar innan Vatíkansins tilkynntu síðastliðinn miðvikudag að Vatíkanið hygðist skrifa undir samstarfssamning við Palestínu sem felur í sér viðurkenningu á sjálfstæði Palestínu.

„Vatíkanið er ekki bara ríki. Vatíkanið er fulltrúi hundraða milljóna kristina manna, auk Palestínubúa. Þetta hefur afar stórt siðferðislegt vægi,“ sagði Husam Zomlot, fulltrúi palestínskra stjórnvalda. Ísraelsstjórn hefur fordæmt viðurkenninguna. **- srs**

Nýtt átak hjá UN Women:

## Ráðherra berst fyrir jafnrétti

**SAMFÉLAG** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra vígði í gær nýja íslenska vefsíðu, heforshe.is, með því að gerast mánaðarlegur styrktaraðili UN Women á Íslandi. Heimasíðan er nýtt átak UN Women sem heitir HeForShe eða Ólíkir en sammála um kynjajafnrétti.

Átakið miðar að því að ná til þeirra átta þúsund og fimm hundruð karlmanna og stráka á Íslandi sem skráðu sig í alþjóðlega átakinu síðastliðið haust, og til annarra. **- ngy**

# Kirkjan fær milljónir úr sjóði Garðabæjar

Þjóðkirkjusóknirnar tvær í Garðabæ fá samtals 16,5 milljónir króna úr bæjarsjóði á næstu þremur árum til að efla sunnudagaskóla og annað æskulýðsstarf. Slíkir styrkir hafa verið veittir áður. Bæjarstjóri segir stefnuna þá að efla allt félagastarf.

**SVEITARFÉLÖG** Bæjarráð Garðabæjar samþykkti á þriðjudag að styrka æskulýðsstarf þeirra tveggja sóknarkirkna sem heyra undir þjóðkirkjuna í sveitarfélaginu um samtals 16,5 milljónir króna á þremur árum. Gunnar Einarsson bæjarstjóri segist ekki óttast athugasemdir við að verið sé að styrkja starfsemi trúfélags með fé úr bæjarsjóði.

„Nei, við erum að styrkja margvíslegt starf hjá öllum félögum. Við erum til dæmis að styrkja Klifið sem skipuleggur vísinda- og tómstundastarf fyrir ungt fólk. Þannig að við styrkjum margt sem eflir barna- og unglingastarf almennt og erum ekki að velta fyrir okkur hvort það sé kirkjan eða ekki,“ svarar bæjarstjórinn.

Að sögn Gunnars eru mörg ár síðan Garðabær gerði fyrst samning við Garðasókn um æskulýðsstarfið. Nú hafi Bessastaðasókn bæst við eftir að Garðabær og Álftanes sameinuðust. Um leið og styrkirnir til Garðasóknar og Bessastaðasóknar voru samþykktir ákvað bæjaráð sex milljóna króna árlegt framlag til Hestamannafélagsins Spretts, sjö hundruð þúsund króna árlegt framlag til Hestamannafélagsins Sóta og sex hundruð þúsund króna árlegt framlagt til Taflfélags Garðabæjar.

„Við höfum horft á þetta þannig að þessi félög, alveg sama hvað þau heita og hvað þau gera, séu ákveðið lím í samfélaginu og höfum tekið meðvitaða ákvörðun um það að styrkja félög almennt vel og hvetja þau áfram,“ segir Gunnar. „Því fleiri félög og meiri starfsemi hjá þessum félögum því öflugra er lýðræðið og samkenndin í sveitarfélaginu og félagsauðurinn eykst.



**VÍDALÍNSKIRKJA** Formaður sóknarnefndar Garðasóknar segir bæjaryfirvöld fá ítarlegar upplýsingar um hvernig styrkfé úr bæjarsjóði er varið. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Í fræðunum er talað um að því öflugri sem félagsauður hvers samfélags er því meira traust ríki milli íbúanna og því meira traust á yfirvöldum líka.“

Starfsmaður á biskupsstofu kveðst aðeins vita um eitt annað sveitarfélag á landinu sem styrkir æskulýðsstarf í þjóðkirkjunni með fjárframlögum. Það sé Seltjarnarnes. Framlag bæjarins til barna- og unglingastarfs Seltjarnarneskirkju er fjórar milljónir króna á þessu ári.

Í samningum um styrkina við æskulýðsfélög í Garðasókn og Bessastaðasókn er kveðið á um árlegar greiðslur til þriggja ára og skyldur sóknanna. Til dæmis eiga þær að efla barna- og unglingastarf í formi sunnudagaskóla, efla tengsl við annað íþrótta-, tómstunda- og forvarnarstarf í bænum og annast fræðsluverkefni fyrir börn og ungmenni með áherslu á mannréttindi, hjálparstarf, lífsleikni og siðfræði.



> **„Í fræðunum er talað um að því öflugri sem félagsauður hvers samfélags er því meira traust ríki milli íbúanna og því meira traust á yfirvöldum líka.**
>
> *Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar*

„Bæjarfélagið hefur sem betur fer séð sér fært að styrkja æskulýðsstarf hjá honum ýmsu félögum í bænum, meðal annars hér og fyrir það erum við þakklát,“ segir Magnús E. Kristjánsson, formaður sóknarnefndar Garðasóknar.

gar@frettabladid.is

Sumar vörur eru betri




• Orka 10,5 KW = 36.000 BTU
• 3 brennarar úr ryðfríu stáli
• Postulínsemalerað eldhólf
• Grillgrindur úr pottjárni
• PTS hitajöfnunarkerfi sem skapar einstaklega jafnan hita
• Kveiking í öllum tökkum
• Niðurfellanleg hliðarborð
• Tvöfalt einangrað lok m. mæli
• Postulínsemalerað efri grind
• Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu - 4 hjól
• Einnig til hvítt og rautt
• Einnig til 2ja og 4ra brennara í svörtu og hvítu

Opið til kl. 16 á laugardag

Grillbúðin www.grillbudin.is
Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

N1
Fæst einnig á þjónustustöðvum N1 um allt land

Lítil þróun frá árinu 2012 þrátt fyrir ábendingar Ríkisendurskoðunar:

## Velferðarráðuneyti taki sig á

**SAMFÉLAG** Ríkisendurskoðun hvetur velferðarráðuneytið til að bæta miðlun upplýsinga um rekstur og starfsemi hjúkrunarheimila sem hún segir ábótavant. Árið 2012 birti Ríkisendurskoðun skýrslu um rekstur og starfsemi hjúkrunarheimila á árunum 2008-2010.

Í skýrslunni var bent á að velferðarráðuneytið safnaði ítarlegum gögnum um rekstur og starfsemi hjúkrunarheimila en þau væru ekki aðgengileg nema fáum. Ríkisendurskoðun hvatti ráðuneytið til að bæta úr þessu enda væri mikilvægt að unnar væru aðgengilegar upplýsingar úr gögnunum og þær birtar á heimasíðu ráðuneytisins.

Nú þremur árum síðar hefur upplýsingamiðlun um rekstur og starfsemi hjúkrunarheimila lítið breyst samkvæmt mati Ríkisendurskoðunar.



**ÁBENDING ÍTREKUÐ** Upplýsingum um rekstur og starfsemi hjúkrunarheimila er ekki miðlað af velferðarráðuneyti eins og skyldi.

Stofnunin ítrekar þess vegna ábending sína frá 2012 en þó með örlítið breyttu sniði því verkefni hafi flust til Sjúkratrygginga Íslands. Ríkisendurskoðun minnir á að þótt svo sé, þá sé það eftir sem áður á ábyrgð ráðuneytisins að fylgja því eftir að stofnunin birti og uppfæri nauðsynlegar upplýsingar reglulega. Birting upplýsinga um fjölda hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrýma dugir ekki til í því sambandi. **-kbg**




**Laugardaginn 16. maí kl. 11 – 15**
bjóðum við öllum Toyota-eigendum að koma með bílana sína í sápuþvott hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

Í tilefni af 50 árum Toyota á Íslandi fylgir happdrættismiði með þvottinum. Fimmtíu vinningshafar verða dregnir út á Facebook. Í pottinum eru flugmiðar til Evrópu með Icelandair, bensínúttektir, hreinsivörupakkar og fleiri stórglæsilegir afmælisvinningar.

**Engin vandamál - bara lausnir.**

**Við sápuþvoum bílana að utan – grill, gos og sumarglaðningur fyrir börn og fullorðna.**

| | | |
|---|---|---|
| Toyota Kauptúni | Kauptúni 6 | Garðabæ |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 17 | Reykjanesbæ |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | Egilsstöðum |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | Reykjanesbæ |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík |
| Nethamar | Garðavegi 15 | Vestmannaeyjum |

50 FIMMTÍU ÁR Á ÍSLANDI
TOYOTA
MEST SELDI BÍLLINN Í 25 ÁR

## SPURNING DAGSINS



Guðný, eru svínabúin bara að verða búin?

**„Við erum eiginlega að verða búin á því. Við vonum bara að þetta fari að verða búið hjá samningsaðilum."**

Guðný Tómasdóttir, bóndi á svínabúinu að Ormsstöðum í Grímsnesi, segir að ekki sé langt eftir í líftauginni í svínabúum hér á landi.

Talsmaður Pierre Nkurunziza, forseta Búrúndí, gerir lítið úr valdaránstillögu andstæðinga hans:

# Segir valdarán í Búrúndí brandara

**BÚRÚNDÍ** Hermenn hliðhollir Pierre Nkurunziza, forseta Búrúndí, segjast nú vera búnir að tryggja öryggi lykilsvæða í Bujumbura, höfuðborg Búrúndí.

Mótmæli hafa staðið yfir frá því að forsetinn sagðist ætla að sækjast eftir endurkjöri 26. apríl síðastliðinn. Ef hann nær endurkjöri yrði það hans þriðja kjörtímabil en andstæðingar hans hafa gagnrýnt forsetann og sagt það stríða gegn stjórnarskrá landsins.

Síðastliðinn miðvikudag urðu mótmælin að óeirðum þegar hershöfðinginn Godefroid Niyombare tilkynnti að hans menn höfðu framið valdarán í höfuðborginni. Á meðan var forsetinn á brott á ráðstefnu í Tansaníu.

Forsetinn virðist enn ekki vera kominn til Búrúndí en hefur tjáð sig bæði í gegn um útvarp og netið. Þar hefur hann hvatt fólk til að halda ró sinni og sagst muna fyrirgefa hverjum þeim uppreisnarhermanni sem gæfist upp.

Talsmaður forseta sagði í gær að valdaránið væri brandari og ekki raunverulegt. Mikil óvissa ríkir þó á svæðinu.

„Það voru einhverjar óeirðir í morgun. Skothríðin entist í hálftíma. Núna er bara skothríð á tíu mínútna fresti," sagði Gad Ngajimana, íbúi í Bujumbura, í samtali við fréttastofu CNN. „Það sést á andlitum fólks að allir eru hræddir. Annað hvort er valdarán eða ekki, enginn virðist vita það," bætti hann við. **- þea**



**VALDARÁN** Mikil óvissa ríkir í Búrúndi þar sem valdaráni hefur verið lýst yfir. JENNIFER HUXTA/AFP



**INNBROTAHRINA** Töluvert hefur verið um innbrot í bíla undanfarið. NORDICPHOTOS/GETTY

Varað við bílainnbrotum:

## Brotist inn í bíla

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla vill beina því til landsmanna að skilja ekki eftir verðmæti í bílum og hika ekki við að hafa samband við lögreglu ef menn verða varir við grunsamlegar mannaferðir. Sérstaklega á þeim tímum þegar fólk ætti að vera í fastasvefni. Samkvæmt upplýsingum frá aðalvarðstjóra lögreglunnar í Kópavogi gengur nú yfir hrina af innbrotum í bíla þar sem verðmæti eru tekin ófrjálsri hendi. Lögregla segir það alvanalegt að innbrot komi í tímabilum og að eitt slíkt tímabil sé í gangi núna. **- nej, vh**

Framúrskarandi skólastarf:

## Fimm skólar verðlaunaðir

**KÓPAVOGUR** Fimm verkefni grunnskóla í Kópavogi hlutu viðurkenningu skólanefndar Kópavogs, Kópinn, á miðvikudag. Þau voru forritunarvika í Hörðuvallaskóla, útileikhús í Kópavogsskóla, Betri samskipti, betri líðan, betri árangur í Kársnesskóla, Frá haga til maga í Waldorfskólanum Lækjarbotnum og Snjallsímanotkun nemenda í dönskunámi í Kópavogsskóla.

Viðurkenningar voru afhentar við athöfn í Salnum í Kópavogi að viðstöddum Margréti Friðriksdóttur, formanni skólanefndar Kópavogs og forseta bæjarstjórnar, og Ármanni Kr. Ólafssyni, bæjarstjóra Kópavogs. **- þea**

# Fimmtán ára handboltastjarna

Hin unga Lovísa Thompson tryggði Gróttu fyrsta Íslandsmeistaratitilinn í handknattleik kvenna. Hún skoraði sigurmarkið þegar tvær sekúndur voru til leiksloka. Lovísa hefur spilað handbolta frá því hún var tíu ára.

**SAMFÉLAG** „Þetta var ný og skemmtileg tilfinning sem ég hef aldrei upplifað áður. Ég var bara í sjokki eiginlega," segir hin fimmtán ára gamla Lovísa Thompson sem tryggði Gróttu fyrsta Íslandsmeistaratitilinn í handknattleik kvenna.

,,Síðustu dagar eftir leikinn hafa bara einkennst af hamingjuóskum og faðmlögum," segir Lovísa.

,,Það er ótrúlegasta fólk búið að vera óska mér til hamingju. Fólk sem ég hafði ekki einu sinni hugmynd um að fylgdist með handbolta," segir Lovísa en hún skoraði sigurmarkið þegar tvær sekúndur voru til leiksloka í leik gegn Stjörnunni síðastliðinn þriðjudag. Leiknum lauk 24:23.

Þegar nítján sekúndur voru til leiksloka og staðan jöfn var Grótta með boltann og Kári Garðarsson, þjálfari Gróttu, stillti upp í kerfi fyrir hina fimmtán ára gömlu Lovísu. Lovísa skoraði úr færinu við mikinn fögnuð Seltirninga.

Lovísa er talin gríðarlega efnileg og er hún yngsti leikmaður liðsins. Tuttugu og tveggja ára aldursmunur er á henni og elsta leikmanni liðsins.

„Ég hef spilað handbolta í sex ár eða síðan ég var tíu ára gömul," segir Lovísa sem hefur alla tíð spilað með Gróttu. Lovísa segist hafa verið mikill Gróttuunnandi frá því hún var smástelpa.

Grótta vann þrjá stærstu titla tímabilsins því liðið varð einnig deildarmeistari og bikarmeistari. „Ég hafði tröllatrú á því að við myndum verða Íslandsmeistarar. Það var búið að vera markmið hjá mér síðan við urðum bikarmeistarar í febrúar. Þá fattaði ég í rauninni hvað við værum góðar," segir Lovísa.

Lovísa er að klára tíunda bekk í Valhúsaskóla og sér framtíðina bjarta fyrir sér. Hún segist ætla að halda áfram í handbolta af fullum krafti. „Markmiðið er að verða ennþá betri."

Lovísa ætlar í menntaskóla í haust en hefur ekki ákveðið hvaða skóli verður fyrir valinu. „Ég er alveg í pæla í nokkrum skólum og finnst líklegt að ég sæki um í Verzló," segir Lovísa og bætir við að í framtíðinni langi hana að læra næringarfræði eða íþróttafræði.

Lovísa eyðir miklum tíma í íþróttahúsi Gróttu þar sem hún æfir mikið sjálf. Auk þess er hún handboltaþjálfari og þjálfar yngri krakka. „Ég er að þjálfa stelpur í fyrsta og öðrum bekk og stráka í þriðja og fjórða bekk sem mér finnst mjög gaman," segir Lovísa.

Lovísa fór eftir sigurleikinn, ásamt liðsfélögum sínum, á Eiðistorg þar sem stuðningsmenn tóku fagnandi á móti þeim. „Við áttum þar mjög góða stund en ég fór snemma heim eða fyrr en aðrir, því ég var svo svakalega þreytt eftir leikinn," segir Lovísa sem fór heim og fékk sér vel verðskuldað páskaegg. „Ég var í hálfgerðu nammibindindi fyrir leikinn og ætlaði ekki að borða neitt nammi fyrr en við yrðum Íslandsmeistarar," segir Lovísa og flissar.

nadine@frettabladid.is



**YNGSTI LEIKMAÐUR GRÓTTU** Lovísa Thompson er talin efnileg, tuttugu og tveggja ára aldursmunur er á henni og elsta leikmanni liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Það er ótrúlegasta fólk búið að vera óska mér til hamingju. Fólk sem ég hafði ekki einu sinni hugmynd um að fylgdist með handbolta**
>
> *Lovísa Thompson handboltastjarna*





Þar sem ferðalagið byrjar

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is

Útilegumaðurinn
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16


Formaður SGS sakar seðlabankastjóra um hræðsluáróður:

# Fátt kemur í veg fyrir verkfall

**KJARAMÁL** Formaður Starfsgreinasambandsins sakar Má Guðmundsson seðlabankastjóra um hræðsluáróður og segir fátt geta komið í veg fyrir verkfallsaðgerðir í næstu viku. Hún segir útilokað að fallast á sáttatilboð Samtaka atvinnulífsins.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði í fréttum Stöðvar tvö á sunnudag að miklar launahækkanir muni hafa slæm áhrif á vinnumarkaðinn og jafnvel leiða til aukins atvinnuleysis.

Samtök atvinnulífsins lögðu í síðustu viku fram sáttatilboð í deilu þeirra við Starfsgreinasambandið en þeir segja að tilboðið feli í sér 23,5 prósenta hækkun dagvinnulauna á samningstímanum.

Starfsgreinasambandið hefur gagnrýnt þessa útreikninga og Drífa Snædal framkvæmdastjóri sambandsins sakaði SA um blekkingar í samtali við Fréttablaðið í síðustu viku. Björn Snæbjörnsson, formaður sambandsins, tekur í sama streng og segir útilokað að fallast á þetta tilboð.

„Þetta er þriggja ára samningur sem gerir ráð fyrir 30 þúsund króna hækkun. Svo áttu að fara að kaupa yfirvinnu og lengingu á dagvinnu til þess að fá einhver átta prósent þannig að þetta er ekki allt gull sem glóir þó það sé hægt að finna einhverja háa prósentutölu," segir Björn.

Næstu verkfallsaðgerðir Starfsgreinasambandsins hefjast á þriðjudag í næstu viku og standa í tvo daga. Boðað hefur verið til sáttafundar á mánudag en Björn segir fátt benda til þess að hægt verði að koma í veg fyrir verkföll. Björn sakar seðlabankastjóra um hræðsluáróður.

„Þetta er að hluta til bara hræðsluáróður. Það er verið að reyna að hræða okkur. Ég hef ekki heyrt hann tala um þetta í tengslum við það sem aðrir hafa verið að fá og menn voru búnir að búa til ákveðna launastefnu áður en við fórum af stað," segir Björn. **-hks, kbg**



> **Þetta er að hluta til bara hræðsluáróður. Það er verið að reyna að hræða okkur. Ég hef ekki heyrt hann tala um þetta í tengslum við það sem aðrir hafa verið að fá.**
>
> *Björn Snæbjörnsson*


SÆNGURVER, POTTAR OG PÖNNUR
Á TILBOÐI 15.-17. MAÍ
25%
AFSLÁTTUR
AF SÆNGURVERASETTUM
20%
AFSLÁTTUR
AF POTTUM OG PÖNNUM
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## SVONA ERUM VIÐ



**8.000** **voru án vinnu og í atvinnuleit á fyrsta ársfjórðungi 2015.**

**179.200 voru starfandi af þeim 187.300 á aldrinum 16 til 74 ára sem voru á vinnumarkaði.**

Bandalag háskólamanna mun hugsanlega upplýsa eftirlitsstofnun EFTA:

# Lýsisinnflutningur verkfallsbrot

**KJARAMÁL** Bandalag háskólamanna telur að Matvælastofnun fremji verkfallsbrot með því að heimila innflutning sjávarafurða á borð við fisk, rækjur og lýsi.

„Matvælastofnun hefur litið þannig á að þau séu undanskilin undanþágum vegna innflutnings á fiskafurðum,“ segir Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri BHM. „Dýralæknar eru ábyrgðaraðilar fyrir EFTA og um leið og afurð er flutt inn til Íslands getur hún farið frjáls um EES-svæðið.“ segir Stefán.

Þeir starfsmenn Matvælastofnunar sem hafa eftirlit með öryggi við innflutning á fiskafurðum eru í verkfalli og hefur Matvælastofnun því ekki í höndunum nýjustu upplýsingar um varninginn sem fluttur er inn. BHM telur að því sé innflutningurinn óöruggur og mun upplýsa eftirlitsstofnun EFTA um innflutninginn ef honum linnir ekki.

„Við munum hugsanlega ítreka þetta. En ef ekkert verður aðhafst munum við tilkynna þetta til EFTA,“ segir Stefán. - srs



**Matvælastofnun hefur litið þannig á að þau séu undanskilin undanþágum vegna innflutnings á fiskafurðum**

*Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri BHM.*



**MATVÆLASTOFNUN** Dýralæknar eru ábyrgir gagnvart EFTA. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## REYNA AÐ BJARGA NÁMAMÖNNUM



**NÁMAN HRUNDI** Fimmtán kólumbískir námamenn festust inni í gullnámu nálægt bænum Riosucio í Norðvestur-Kólumbíu í gær. Vatn flæddi inn í námuna sem olli því að hún féll saman. Unnið er að því að dæla vatninu út. Björgunarmenn sögðu í gær að þrjá daga gæti tekið að dæla nægu vatni úr námunni.

Eigandi námunnar, Leonardo Mejia, segist hræddur um að allir námamennirnir séu þegar látnir.

Náman er án tilskilinna leyfa rétt eins og um helmingur allra gullnáma í Kólumbíu. - þea

# Blása til opinnar hinsegin fræðslu

**Samtökin ‘78 standa fyrir opinni hinsegin fræðslu á sunnudag. Ugla Stefanía Kristjönudóttir Jónsdóttir, fræðslufulltrúi Samtakanna, segir fræðsluna haldna til að útrýma ranghugmyndum sem hafa verið um fræðslustarf samtakanna.**

**MENNTUN** Samtökin ‘78 standa fyrir opinni fræðslu um hinsegin fólk á sunnudaginn næstkomandi. Fræðslustarf Samtakanna hefur verið mikið í umræðunni síðan bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti að efla hinsegin fræðslu í grunnskólum bæjarins í apríl síðastliðnum.

Tónlistarmaðurinn Gylfi Ægisson lýsti sig andvígan hinsegin fræðslu í grunnskólum og stofnaði Facebook-síðu sem hann nefndi Barnaskjól. Í kjölfarið vaknaði mikil umræða um hinsegin fræðslu í skólum.

„Fræðslan er haldin út af þessari miklu umræðu sem hefur verið um fræðslu samtakanna og fræðslustörf almennt. Í kjölfarið ákváðu Samtökin ‘78 að blása til opinnar fræðslu vegna mikilla ranghugmynda í umræðunni, til dæmis á internetinu og á Útvarpi Sögu, um hvað svona fræðsla snýst og hvernig hún fer fram,“ segir Ugla Stefanía Kristjönudóttir Jónsdóttir, fræðslufulltrúi Samtakanna ‘78 en mikil umræða myndaðist meðal annars í þættinum „Línan laus“ á Útvarpi Sögu þar sem hlustendur hringdu inn og töluðu gegn hinsegin fræðslu í grunnskólum.

„Fræðslan snýst um að fræða fólk um hvað það er að vera hinsegin og mismunandi hópa innan hinsegin flórunnar. Við tölum um mismunandi kynhneigð, kynvitund og kyn. Svo tölum við líka um fordóma og staðalímyndir, lagalega stöðu hinsegin fólks og loks eru opnar umræður og spurningum svarað,“ segir Ugla um fræðsluna.



**OPIN FRÆÐSLA** Ugla Stefanía Kristjönudóttir Jónsdóttir segir opna hinseginfræðslu Samtakanna ‘78 vera til að sporna gegn ranghugmyndum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Opin fræðsla samtakanna, sem hefur aldrei verið haldin áður, fer fram á alþjóðlegum degi gegn hinsegin fóbíu. Ugla segir samtökin hafa hvatt bæjarfélög til þess að flagga hinsegin fánanum á þessum degi undanfarin ár.

Alþjóðlegur dagur gegn hinsegin fóbíu er upprunninn í Bandaríkjunum og var fyrst haldinn árið 2005. Dagurinn er alltaf haldinn hátíðlegur 17. maí.

**Fræðslan snýst um að fræða fólk um hvað það er að vera hinsegin og mismunandi hópa innan hinseginflórunnar.**

*Ugla Stefanía Kristjönudóttir Jónsdóttir, fræðslufulltrúi Samtakanna ‘78*

Opin hinsegin fræðsla Samtakanna fer fram næsta sunnudag í Háteigsskóla klukkan 15.00.

thorgnyr@frettabladid.is


## Ársfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

Ársfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands verður haldinn **föstudaginn 5. júní 2015 kl. 16:00** í Aðalútibúi Landsbankans Austurstræti 11.

Dagskrá fundarins er samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Upplýsingar um fundinn og ársreikning má nálgast á heimasíðu sjóðsins **www.landsbankinn.is/ltfi**.

Stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands.


Tólf björgunarsveitarmenn náðu að koma í veg fyrir mikið tjón:

# Fjörutíu bátar fóru á flot

**SNÆFELLSNES** Um 40 bátar losnuðu frá flotbryggjunni í Rifi á Snæfellsnesi í óveðri í fyrrinótt. Um tólf björgunarsveitarmenn unnu eldsnemma í gærmorgun að því að festa bátana og náðu að tryggja festar áður en illa fór.

Strandveiðar eru nýhafnar og því mikið af bátum við bryggjuna í Rifi.

Í gærmorgun tók að rigna og hvessa hressilega og segir Viðar Páll Hafsteinsson, formaður björgunarsveitarinnar Lífsbjargar, að aðgerðir hafi gengið vel.

„Við vorum kallaðir út um sex leytið. Með snörum handtökum náðum við að tryggja þá aftur og ganga frá þeim. Svo var á fjórða tug báta við flotbryggjuna og við þurftum að tryggja þó nokkurn hluta af þeim betur,“ segir Viðar.

Björgunarsveitarmenn nutu liðsinnis eigenda bátanna. Engar skemmdir urðu á bátunum en björgunaraðgerðirnar tóku um tvo tíma.



**SNÖGGUR HVELLUR** Snör handtök vörðu eigendur fjörutíu báta í Rifi tjóni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Spurður hvort eitthvað hefði verið út á það að setja hvernig gengið hafði verið frá bátunum segir Viðar svo ekki vera.

„Það gerir svona snöggan hvell og þegar það eru svona margir bátar er átakið svo ofboðslegt.“ - skó




**Tilboð: 4.690.000 kr.**

**Volvo XC90 Executive** GTK54
Skráður mars 2008, 2,4TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 125.000 km.
Ásett verð: 5.290.000 kr.




**Tilboð: 1.190.000 kr.**

**Honda Accord Executive** YJ179
Skráður júní 2006, 2,0i bensín, beinskiptur.
Ekinn 141.000 km.
Ásett verð: 1.450.000 kr.

BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband strax!




**Tilboð: 2.790.000 kr.**

**Volkswagen Passat Metan** UGD66
Skráður júlí 2012, 1,4i bensín/metan, sjálfskiptur.
Ekinn 74.000 km.
Ásett verð: 3.190.000 kr.




**Tilboð: 1.990.000 kr.**

**Toyota Yaris Terra** KBM99
Skráður ágúst 2013, 1,0i bensín, beinskiptur.
Ekinn 15.000 km.
Ásett verð: 2.190.000 kr.

# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

*Gerðu betri bílakaup!*




**Tilboð: 2.650.000 kr.**

**Nissan Duke Acenta** UPZ28
Skráður ágúst 2012, 1,6i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 63.200 km.
Ásett verð: 2.790.000 kr.




**Tilboð: 3.090.000 kr.**

**Ford Focus Trend Edition** JBX17
Skráður september 2014, 1,0i bensín, beinsk.
Ekinn 2.200 km.
Ásett verð: 3.350.000 kr. *í ábyrgð*




**Tilboð: 1.190.000 kr.**

**Mitsubishi Outlander Comfort** ZO832
Skráður júlí 2007, 2,0 bensín, beinskiptur.
Ekinn 146.000 km.
Ásett verð: 1.350.000 kr.

**FINNDU BÍLINN ÞINN**

*Skoðaðu fleiri dæmi hér!*

# NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.

**TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ**

*SÝNDU OKKUR BÍLINN ÞINN OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF. ENGIN SKULDBINDING*



**Verð: 1.890.000 kr.**

**Nissan Micra Visia** OXS12
Skáður júní 2012, 1,2i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 43.100 km.




**Tilboð: 2.290.000 kr.**

**Subaru Forester Lux** NJT71
Skráður júní 2009, 2,0i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 134.000 km.
Ásett verð: 2.450.000 kr.




**Tilboð: 1.050.000 kr.**

**Ford Focus Trend** NN019
Skráður október 2006, 1,6i bensín, beinskiptur.
Ekinn 129.200 km.
Ásett verð: 1.190.000 kr.




**Tilboð: 7.390.000 kr.**

**Volvo XC90 Summum D5 AWD** TJL91
Skráður júní 2012, 2,4Di dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 89.500 km.
Ásett verð: 7.790.000 kr.




**Tilboð: 1.490.000 kr.**

**Hyundai i30 Comfort** FXK94
Skráður ágúst 2009, 1,6i bensín, beinskiptur.
Ekinn 76.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.



**Verð: 2.390.000 kr.**

**Citroën Nemo Fourgon Van** BHM78
Skráður desember 2014, 1,3TDCi dísil, beinskiptur
Ekinn 1900 km. *í ábyrgð*




**Tilboð: 3.690.000 kr.**

**Ford Kuga Titanium S** PGH11
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 101.000 km.
Ásett verð: 3.990.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**VERKFALLIÐ Í TÖLUM**

**354** sjúklingar
bíða eftir skurðaðgerðum sem hefur verið frestað frá upphafi verkfalls.

**5.400** myndgreiningum
hefur verið frestað. Krabbameinsdeildir spítalanna reiða sig mjög mikið á myndgreiningar.

**60%** blóðrannsókna
og rannsókna á vefjasýnum hefur verið frestað, sum sýnanna eru fryst til þess að þau skemmist ekki.

**1.500** sjúklingar
bíða eftir því að komast að á dag -og göngudeildum.

**19. MAÍ**
Verkfallsaðgerðir SGS hefjast aftur.

# Mannréttindamál að fá undanþágu frá verkfalli

Inga Björk Bjarnadóttir, notandi NPA-þjónustu, segir daglegt líf sitt fara úr skorðum fari starfsmenn hennar í verkfall. Fulltrúi NPA-miðstöðvarinnar segir neyðarástand skapast án undanþága fyrir starfsmenn miðstöðvarinnar.

**VELFERÐ** „Ég er algerlega upp á aðra komin með að komast á milli staða,“ segir Inga Björk Bjarnadóttir, nemi við Háskóla Íslands.

Inga nýtir sér notendastýrða persónulega aðstoð, NPA, og er upp á starfsmenn sína komin með athafnir í sínu daglega lífi.

Starfsmenn NPA-miðstöðvarinnar eru hluti af Eflingu stéttarfélagi og að öllu óbreyttu stefna þeir í verkfall 6. júní.

„Þetta er auðvitað erfitt mál því að maður vill betri kjör fyrir starfsfólkið, en í þessu tilfelli snýst þetta um mannréttindi okkar þar sem við reiðum okkur að öllu leyti á aðstoð þeirra,“ sagði Inga, sem veit ekki hvernig fer ef verkfall skellur á. Hún getur ekki með góðri samvisku sótt um sumarstörf þar sem hún viti ekki hvort hún verði í aðstöðu til að sinna starfi án aðstoðarmanna sinna.

„Ég væri alveg ósjálfbjarga heima fyrir og þyrfti að reiða mig á aðstoð vina og ættingja sem er erfitt þar sem fólk er í vinnu og skóla. Ef ég þigg aðstoð frá öðrum og aðrir ganga í verkefnin er það tæknilega séð verkfallsbrot. Til dæmis þarf ég aðstoð við að útbúa mat og ég verð auðvitað að nærast einhvern veginn þannig að verkfallsbrot væru óumflýjanleg.“

Inga hefur sótt um undanþágu til Eflingar stéttarfélags vegna þessa en hefur enn ekki fengið svör.

Ragnar Gunnar Þórhallsson, ritari stjórnar NPA-miðstöðvarinnar, segir að þetta sé í fyrsta sinn sem miðstöðin þurfi að taka á máli af þessum toga og því sé erfitt að spá fyrir um hvað gerist.

„Okkar fólk sem er í Eflingu mun koma til með að taka þátt í allsherjarverkfalli 6. júní ef til þess kemur. Þetta mun í rauninni skapa neyðarástand hjá okkar notendum en þar er það ekki þannig að það sé hægt að deila starfsmönnum á milli þeirra,“ segir Ragnar. Hann gerir ráð fyrir að það séu um 200 starfsmenn sem starfa við NPA á Íslandi og um fimmtíu notendur sem verkföllin gætu bitnað á.

„Það hefur aðeins verið nefnt að sækja um undanþágur en það er í raun og veru ekki hægt fyrr en eftir að atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun lýkur.“

„Það hefur ekkert verið ákveðið til að gefa yfirlýsingu út um,“ segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar stéttarfélags, um hugsanlegar undanþágur vegna yfirvofandi verkfalls.

„Það er í raun ekki mitt að taka afstöðu til þess. Við erum með nefnd sem tekur á þessum málum og þau vega og meta hvert tilfelli fyrir sig. Ég geri ráð fyrir í tilfelli sem þessu að þá yrði tekið jákvætt í beiðnina.“

stefanrafn@frettabladid.is



**SPURNING UM MANNRÉTTINDI** Inga segir að hún sé upp á starfsfólk sitt komin.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**SIGURÐUR BESSASON**



**RAGNAR G. ÞÓRHALLSSON**

> **Ef ég þigg aðstoð frá öðrum og aðrir ganga í verkefnin er það tæknilega séð verkfallsbrot. Til dæmis þarf ég aðstoð við að útbúa mat og ég verð auðvitað að nærast einhvern veginn þannig að verkfallsbrot væru óumflýjanleg.**
> *Inga Björk Bjarnadóttir, nemi við Háskóla Íslands*




Volkswagen Crafter Extreme Edition

Volkswagen Crafter er hannaður til að takast á við krefjandi verkefni þar sem styrkur og notagildi eru í forgangi. Crafter er einstaklega hagkvæmur og er með mjög öflugum en jafnframt sparneytnum díeselvélum. Volkswagen Crafter er með 3 ára ábyrgð og allt að 250.000 km akstur.

Líttu við og í sýningarsal VW Atvinnubíla og kynntu þér einstaklega vel útbúinn Volkswagen Crafter Extreme Edition.

Staðalbúnaður
- Rennihurðir á báðum hliðum
- 16" stálfelgur
- Lokað skilrúm með glugga
- ABS / EBV
- ESP stöðugleikastýring og spólvörn
- Bekkur fyrir 2 farþega með geymslukassa
- Loftpúðar fyrir ökumann og farþega
- Útvarp með SD kortarauf
- Klukka
- Fullkomin aksturstölva
- Glasahaldari
- Fjarðstýrðar samlæsingar
- Rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar
- Hæðarstillanlegt öryggisbelti
- 270° opnun á afturhurðum

Mögulegur valbúnaður
- Dráttarbeisli 180.000. kr m/vsk

Aukalega í Volkswagen Crafter Extreme Edition
- Hraðastillir (Cruise control)
- Bluetooth símkerfi
- Hiti í bílstjórasæti
- Fjaðrandi hæðastillanlegt ökumannssæti með armpúða
- Vélarhitari með fjarstýringu og tímastilli
- Rafmagns-miðstöðvarhitari
- Aðgerðastýri
- Fjarlægðaskynjarar með bakkmyndavél
- Díóðulýsing í flutningsrými
- Klæðning og rennur í flutningsrými

Crafter Extreme Edition kostar aðeins frá
4.596.774 kr. án vsk

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík

Atvinnubílar


SUZUKI
Way of Life!
HJÓLADAGUR SUZUKI
Í SKEIFUNNI 17
LAUGARDAGINN 16. MAÍ
FRÁ KL. 13-16
HAYABUSA ICELAND, GAFLARAR OG FLEIRI HJÓLAKLÚBBAR MÆTA Á SVÆÐIÐ MEÐ SÍN HJÓL!
ALLT AÐ MILLJÓN KR. AFSLÁTTUR Á NÝJUM SÝNINGARHJÓLUM
70 % AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MOTOCROSSFATNAÐI OG VÖRUM
15% AFSLÁTTUR AF ÖLLU Í BÚÐINNI
STARFSFÓLK AF VERKSTÆÐI VEITIR RÁÐLEGGINGAR
BÍLASÝNINGARSALUR SUZUKI OPINN
KAFFI OG MEÐLÆTI Í BOÐI
Ekki missa af þessu!
DYNAMO REYKJAVIK
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
SUZUKI
Suzuki umboðið ehf | Skeifunni 17 | Sími 565 1725

Uppgræðsla á Tunguheiði:

# Landgræðslan dreifir kjötmjöli

**UMHVERFISMÁL** Landgræðslan hyggst dreifa kjötmjöli á um 40 hektara af lítt grónu landi á Tunguheiði.

„Sumarið 2014 var dreift kjötmjöli á aðliggjandi svæði sem gaf góða raun. Leitað hefur verið eftir afstöðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, sem gerir ekki athugasemdir við dreifingu kjötmjöls á þetta landssvæði,“ segir byggðaráð Bláskógabyggðar sem samþykkir fyrir sitt leyti að kjötmjölinu verði dreift. **- gar**

Ásdís Hjálmsdóttir Ólympíufari kemur systurdóttur sinni til hjálpar og hefur söfnun:

# Greindist loksins eftir tveggja ára veikindi

**SAMFÉLAG** Ásdís Hjálmsdóttir afreksíþróttakona, sem hefur keppt fyrir Íslands hönd í spjótkasti á Ólympíuleikunum, safnar fé fyrir veika systurdóttur sína. Systir Ásdísar býr í Flórída ásamt eiginmanni sínum og sjö ára dóttir hennar hefur glímt við erfið veikindi.

„Ísabella litla greindist nýlega með Crohn's (bólgusjúkdómur í þörmum) og liðagigt og fjölskyldan er búin að upplifa mjög erfiða tíma undanfarið. Nú fer að koma að því að borga reikninga sem eru



**ÁSDÍS HJÁLMSDÓTTIR**

langt umfram þeirra bolmagn,“ segir Ásdís, en sett hefur verið upp söfnunarsíða á slóðinni: www.life.indiegogo.com til styrktar Ísabellu.

„Hún hefur verið mikið veik núna í næstum tvö ár. Þetta hefur verið ákaflega erfiður tími fyrir fjölskylduna þar sem hún var með mikla óútskýranlega verki í litla líkamanum sínum. Þau fóru fram og til baka á milli lækna, sérfræðinga og til sjúkraþjálfara til að reyna að finna út hvað væri að en enginn hafði svör. Hún gat ekki hlaupið um og leikið sér eins og önnur börn án þess að liggja grátandi með kælipoka og verkjatöflur um kvöldið. Auk þess var hún öll að rýrna og þroskaðist ekki eðlilega, segir Ásdís frá gangi sjúkdómsins, sem var greindur eftir langa sjúkrahúsdvöl og endurteknar rannsóknir.“ **- kbg**



**VEIK Í TVÖ ÁR** Systurdóttir Ásdísar Hjálmsdóttur þjáist af Crohn's-sjúkdómi og reikningar eru að sliga fjölskylduna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**RÆÐIR VANDA RÉTTAR** Jón Steinar hefur verið ötull í því að ræða um störf Hæstaréttar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jón Steinar Gunnlaugsson:

# Heldur erindi um Hæstarétt

**DÓMSMÁL** Jón Steinar Gunnlaugsson, hæstaréttarlögmaður og fyrrverandi dómari við Hæstarétt Íslands, ætlar að flytja erindi um Hæstarétt, miðvikudaginn 20. maí í Háskólanum í Reykjavík.

Jón Steinar ætlar að ræða um starfsskilyrðin sem réttinum starfar við og áhrif þeirra á gæði úrlausna réttarins. Hann segist leitast við að skýra hvaða vandamál steðja að réttinum og hvað þurfi að gera til að bæta þar úr. Fundurinn er haldinn að frumkvæði Jóns Steinars sjálfs.

Jón Steinar tekur fram í tilkynningu að hann telji úrbætur á dómskerfinu meðal allra brýnustu verkefna samtímans á Íslandi. **- kbg**

# Þriðjungur rekstrartekna Hörpu fer í fasteignagjöld

Harpa mun þurfa að greiða rúmlega 380 milljónir í fasteignagjöld eftir dómsúrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur. Borgarstjóri Reykjavíkur segir að beðið verði eftir ákvörðun stjórnar Hörpu um áfrýjun áður en ákveðið verði hver næstu skref eru. Forstjóri Hörpu segir að ríki og borg muni sjá hag sinn í að styrkja rekstur hússins.

**STJÓRNSÝSLA** „Það er öllum mönnum ljóst sem þekkja til eðlilegs fyrirtækjareksturs að ef þú ert að borga rúmlega þriðjung tekna þinna í fasteignagjöld þá stendur reksturinn ekki undir sér,“ sagði Halldór Guðmundsson, forstjóri Hörpu.

Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði síðastliðinn þriðjudag kröfu Hörpu um að úrskurður yfirfasteignamatsnefndar frá maí 2012 verði gerður ógildur.

Samkvæmt úrskurði matsnefndarinnar á Harpa að greiða um 380 milljónir í fasteignagjöld í ár en rekstrartekjur Hörpu voru rétt yfir einum milljarði.

Fasteignamat Hörpu árið 2011 var 17 milljarðar króna samkvæmt Þjóðskrá og miðað var við byggingarkostnað. Stjórn Hörpu taldi að matið ætti að vera um sjö milljarðar, byggt á rekstrarkostnaði hússins, og kærðu niðurstöðu Þjóðskrár til yfirfasteignamatsnefndar. Ekki hefur verið ákveðið hvað verði gert við niðurstöðu héraðsdóms.

„Stjórnin kemur saman í vikunni og mun ræða hvernig skal bregðast við. Enn hefur ekki verið tekin



**DAGUR B. EGGERTSSON**



**HALLDÓR GUÐMUNDSSON**

ákvörðun um áfrýjun,“ sagði Halldór.

„Það er algerlega ljóst að þetta er vandamál eigenda hússins. Það sjá það allir Íslendingar að aðsókn í húsið er að aukast, það eru um 480 tónleikar á ári og það er orðið miðlægt í menningarlífi þjóðarinnar. Eigendurnir sjá það og hljóta því að vilja leggja húsinu lið ef þess þarf,“ sagði hann.

„Við munum bara horfast í augu við þetta. Ég lít ekki á þetta sem eitthvað dramatískt, bara sem úrlausnarefni.“

Ríkið og Reykjavíkurborg eru eigendur Hörpu. Ríkið á 54 prósent í Hörpu og borgin 46 prósent. Eigendurnir leggja Hörpu til fjármagn til



**HARPA** Fasteignamat Hörpu er 17 milljarðar samkvæmt Þjóðskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

að standa undir ákveðnum þáttum í rekstri hússins.

„Borgin ásamt ríkinu er að greiða samtals um milljarð í rekstur Hörpu en það fjármagn á að fara í niðurgreiðslu lána,“ sagði Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur.

„Síðan er borgin að taka þátt í rekstri sinfóníunnar en að öðru leyti á rekstur Hörpu að standa undir sér,“ segir Dagur.

„Harpa er frábært hús en eitt dýrasta hús landsins og menn gleyma því oft að hún líkt og allur annar rekstur er að greiða ýmis gjöld. Harpa borgar til dæmis launagjöld og virðisaukaskatt,“ segir hann.

Dagur segir að beðið verði eftir ákvörðun stjórnar Hörpu um áfrýjun áður en næstu skref verða ákveðin. „Við viljum að stjórn Hörpu sjái alfarið um að taka ákvarðanir um alla meðferð fyrir dómstólum.“ **- srs**




„Ég legg mig fram um að þér líði vel í vinnunni“

Ræsting er ekki bara að skúra gólf. Hjá mér snýst þetta um að skapa jákvæða upplifun og vellíðan.

Við hugsum í lausnum.
Fáðu upplýsingar um þjónustuna.
**580 0600 | sala@iss.is**

Heildarlausnir í fasteignaþjónustu.
Enginn viðskiptavinur hefur sömu þarfir.
Við sérsníðum lausnir sem henta hverjum og einum.

A WORLD OF SERVICE ISS

FASTEIGNAUMSJÓN | **RÆSTING** | MATVÆLAÞRIF | SÉRVERKEFNI | VEITINGAR | ISS.IS




**BÚIÐ UM SÁRIN** Skilyrði við björgun voru góð MYND/OTTI RAFN SIGMARSSON

Aðstoðuðu erlenda ferðakonu á Hagafjalli:

# Velti fjórhjóli sínu

**BJÖRGUN** Björgunarsveitin Þorbjörn í Grindavík kom konu til aðstoðar á Hagafelli í gær. Konan hafði velt fjórhjóli sínu og hafði kallað eftir aðstoð björgunarsveita. Björgunarsveitin flutti lögreglu og sjúkraflutningamenn á slysstað. Hún var flutt á sjúkrahús með minniháttar meiðsli. Búið var að sárum hennar á fjallinu og hún flutt burt í sjúkrabíl.

„Veðurskilyrði voru góð og björgunarsveitin kom henni fljótt niður af fjalli niður í sjúkrabíl,“ sagði Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Landsbjargar. „Þetta var erlend ferðakona og hún hafði velt fjórhjólinu sínu. Hagafell er bara rétt fyrir ofan Grindavík þannig að það var auðvelt að bregðast fljótt við. Sveitin kom svo hjólinu og ferðafélögum hennar til byggða,“ sagði hún. **- srs**

➜ Konan var flutt á sjúkrahús með minniháttar meiðsli. Búið var að sárum hennar á fjallinu og hún flutt burt í sjúkrabíl.

www.renault.is

# HRINGINN OG 250 KM AÐ AUKI **Á EINUM TANKI**




# MEGANE LIMITED ÚTGÁFA **Á BETRA VERÐI**



## NÚ BJÓÐUM VIÐ RENAULT MEGANE ÍSLANDSMETHAFA Í SPARAKSTRI Í **LIMITED ÚTGÁFU HLAÐINN BÚNAÐI**

RENAULT **MEGANE LIMITED**
DÍSIL, BEINSKIPTUR. **3,5 L/100 KM*** / DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR. **4,2 L/100 KM***
INNIFALIÐ Í VERÐI: 17" ÁLFELGUR / LYKLALAUST AÐGENGI / SKYGGÐAR RÚÐUR / TÖLVUSTÝRÐ
TVEGGJA SVÆÐA LOFTKÆLING / LIMITED INNRÉTTING OG AÐFELLANLEGIR SPEGLAR

VERÐ FRÁ: **3.540.000 KR.**

ENNEMM / SÍA / NM67855 / *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

## DÍSILBÍLARNIR FRÁ RENAULT SLÁ Í GEGN

Dísilbílarnir frá Renault hafa sannarlega slegið í gegn fyrir sparneytni og hagstætt verð. Malín Brand, blaðamaður Bílablaðs Morgunblaðsins, ók á síðasta ári Renault Megane Sport Tourer með 110 hestafla, 1,5 l dísilvél hringinn í kringum landið og í Húnaver að auki, eða u.þ.b. 1.520 km leið, á einungis einni 60 l tankfyllingu.

RENAULT

## ÞÚTANKAR SJALDNAR Á RENAULT

B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

# Gengið yfir þá sem minna mega sín

Birgi Jakobssyni landlækni kemur á óvart að sömu vandamál steðja að nú og þegar hann vann hér á landi sem barnalæknir árið 1988. Aðgerðaleysið er dýrkeypt. Hann ræðir um vandann og úrlausnirnar og hugmyndafræði frjálshyggjunnar sem gerir hann sorgmæddan.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjanabjorg@frettabladid.is



Birgir Jakobsson bjó í Svíþjóð í næstum fjóra áratugi áður en hann flutti til Íslands og tók við embætti landlæknis. Hann stýrði Karólínska sjúkrahúsinu í Svíþjóð og var læknir þar í tuttugu ár. Ferill hans spannar þrjátíu og fimm ár, honum er lýst af samherjum sem baráttumanni, kvikum en jafnframt öguðum.

Hann er óvanalega hávaxinn en stekkur lipurlega upp tröppurnar sem liggja að skrifstofu hans á Barónsstíg, á yngri árum átti hann glæstan körfuboltaferil og keppti með landsliði Íslendinga og því kemur fimin ef til vill ekki á óvart þótt hann sé orðinn 66 ára gamall.

Þær vikur og mánuði sem hann hefur setið í embætti hefur heilbrigðiskerfið verið hálflamað vegna verkfalla. Nýverið deildi hann á verkfallsaðgerðir BHM sem fólu í sér synjun á undanþágum sem læknar höfðu beðið um. Hann er þekktur fyrir að láta í sér heyra ef hann telur öryggi sjúklinga hætt og gerði það oft í starfi sínu á Karolínska, stundum svo það rataði í fréttir.

Birgi er ljóst að þegar verkfalli lýkur þá blasi enn við mikill vandi heilbrigðiskerfis.

### Kakan og tertusneiðin minni

„Ég er búinn að ræða við fjöldann allan af fólki til að mynda mér skoðun á því hvað er gott hérna og hvað mætti betur fara. Ég held að ég sé kominn með nokkuð góða mynd af því. Heilbrigðiskerfið fór ekki varhluta af kreppunni og það hefur átt sér stað mikill niðurskurður. Kakan minnkaði og sjálf tertusneiðin líka sem fór í heilbrigðiskerfið, hún er undir níu prósentum af vergri þjóðarframleiðslu.“

### Sami vandi í tvo áratugi

Það kom honum á óvart að vandamál heilbrigðisþjónustunnar eru mörg hin sömu og þegar hann vann hér sem barnalæknir 1988-1989.

„Ef ég lít á heilbrigðisþjónustuna eins og hún er í dag og þegar ég var hér að störfum 1988, eru raunveruleg vandamál heilbrigðisþjónustunnar hin sömu og þá. Við notuðum ekki góðærið til að bæta lestina í íslenskri heilbrigðisþjónustu og gera hana eins góða og mögulegt er. Það er ekki skrítið að þar sem voru brestir fyrir kreppu eru enn áþreifanlegri brestir eftir kreppu.

Hvað varðar þjónustuna sjálfa þá eru aðallega þrjú atriði sem eru mikilvæg forgangsverkefni. Það er að finna leiðir til að bæta heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu, að bæta og gera skilvirkari sérfræðiþjónustu úti á landi og að skapa forsendur til reksturs háskólasjúkrahúss sem við viljum svo gjarnan hafa hér á landi. En þar sem við höfum vanrækt að bæta þessa þjónustu í áratugi, þá verður allt sem við þurfum að gera svo miklu dýrara. Þær fjárfestingar sem við höfum frestað eða látið hjá líða koma í hausinn á okkur núna.“

### Mikill einkarekstur

Birgir bendir á að mikið af þjónustu í íslensku heilbrigðiskerfi sé einkarekin. Hann segir stefnuna í þessum málum óskýra, það vanti að tryggja gæði og öryggi þjónustunnar. „Það er töluverður einkarekstur hér. Ég trúi ekki á einkarekstur á vissum hluta Landspítala eða að brytja hann niður í einingar. Við eigum að halda þjónustunni þar saman, en það er alltaf hægt þegar tækifæri gefst að skapa litlar einkareknar einingar en það þarf að gera með gæði, aðgengi og öryggi þjónustunnar í huga.“

> „Ég verð sorgmæddur yfir þessu. Það er gengið yfir þá sem minna mega sín
>
> *Birgir Jakobsson landlæknir*

### Peningar hverfa í hít

„Mestur hluti einkareksturs hér á landi er greiddur af hinu opinbera. Það sem vantar hér er að hafa meira eftirlit með þjónustunni. Hlutverk landlæknisembættisins er að fylgjast með því að öryggið og gæðin séu í lagi, en greiðandi þjónustunnar, sem er Sjúkratryggingar Íslands, þarf líka að vita fyrir hvað er borgað. Sjúkratryggingar þurfa að setja kröfur og upplýsingaskyldan þarf að vera alveg skýr. Í dag gera þær samninga við þá sem framleiða heilbrigðisþjónustu en spyrja ekki nóg um gæði, öryggi og aðgengi. Þarna fara peningar nánast í einhverja hít sem við vitum ekki hverju er að skila.

### Börn fá slæma þjónustu

Ég er alveg klár á því að það er ekki nauðsynlegt að breyta öllu í einkarekstur til að skapa góð fordæmi. Það er hægt með góðri stjórnun og stýrikerfum í opinbera geiranum. Ef maður les lög og reglugerðir þá stendur mikið um stefnu í heilbrigðismálum en hún er raunverulega ekki útfærð markvisst að öðru leyti í heilbrigðisstofnunum.

Þar stendur til dæmis að heilsugæslan eigi að vera fyrsti viðkomustaður hjá fólki, en svo stýrum við sjúklingum eitthvert allt annað, á læknavaktina og bráðamóttökur og til sérfræðinga á stofu.

Það er ekki gott þegar fólk leitar á bráðamóttöku sem þarf þess ekki við, en það gerir það vegna þess að það getur ekki annað og hefur ekki verið sinnt nægilega vel. Þetta á við um börn og gamalmenni allra helst, það er hægt að koma í veg fyrir þetta en það þarf aðra sýn.

### Sveigjanlegri þjónusta

Sýn Birgis felur í sér mun fjölbreyttari þjónustu en Íslendingar eiga að venjast.

„Það þarf að víkka út starfsemi heilsugæslunnar, ráða þangað fjölbreyttari hóp starfsfólks, sálfræðinga, næringarráðgjafa, þjálfara, aðila í heimahjúkrun og félagsráðgjafa.

Það þarf líka að hafa þjónustuna sveigjanlegri, hafa teymi sem keyra um og vitja fólks, við erum svo lítið samfélag að það er vel hægt að koma þessu í kring. Það er nauðsynlegt að efla heilsugæsluna af öðrum ástæðum. Heilbrigðiskerfið þarf að sinna sívaxandi hópi fólks og sjúkrarými eru dýr. Þess vegna er mikilvægt að efla forvarnir. Það margborgar sig.“

### Lyfjanotkun og menning

Eitt af hlutverkum embættisins er að fylgjast með lýðheilsu landans. Mikil lyfjanotkun er einkennandi. Er lyfjanotkunin afleiðing af slöku heilbrigðiskerfi?



**LYFJANOTKUN ÍSLENDINGA** „Ég er sjálfur læknir og tek ekki lyf nema algerlega nauðsynlegt sé. Umgengst þau af mikilli varfærni. Það þarf að hjálpa fólki að vinna á vandamálum sínum og vinna gegn þessari menningu,“ segir Birgir. MYND/STEINAR JÚLÍUSSON

„Ef lyfjum er sleppt í lausasölu eykst oft notkun þeirra. Jafnvel þegar við sleppum algengum lyfjum eins og paracetamóli gætir neikvæðra áhrifa, þá fjölgaði til að mynda tilfellum eitrana af völdum þess. Fólk fór að nota lyfið í þeim tilgangi að stytta sér líf. Af hverju er fólk að borða meira kvíðastillandi og nota svefnlyf í óhófi? Ég veit það ekki en það er kannski eitthvað í okkar menningu sem telur að lyfjanotkun sé eðlileg til þess að okkur líði betur. Ég er sjálfur læknir og tek ekki lyf nema algerlega nauðsynlegt sé. Umgengst þau af mikilli varfærni. Það þarf að hjálpa fólki að vinna á vandamálum sínum og vinna gegn þessari menningu.“

### Léttúð Íslendinga

Birgir segir vissa léttúð einkenna hugarfar margra Íslendinga. Þeir hugsi oft ekki til þeirra sem minna mega sín og frjálshyggja ráði för á kostnað samfélagsins, hann nefnir í þessu samhengi áfengisfrumvarp og afnám tolla á sykur sem dæmi.

„Ég hef ekki verið hér lengi en mér finnst eins og íslenskt hugarfar einkennist af svolítilli léttúð. Það er mikil hugmyndafræði frjálshyggju í þessu samfélagi.

Jafnvel þegar hún gengur inn á svið sem gengur gegn lýðheilsu þá segja ráðamenn bara allt í lagi og loka augunum fyrir því,“ segir hann og vísar í áfengisfrumvarp og afnám tolla á sykur.

„Þetta stangast hvort tveggja á við öll þekkt markmið um lýðheilsu og heilbrigði almennings.“

### Ekki hægt að stíga til baka

„Fjöldinn allur af þjóðum sem hafa lengri sögu á þessum sviðum vildu svo gjarnan taka skrefið til baka en geta það ekki. Því þegar þú tekur svona skref þá getur þú ekki tekið skrefið til baka. Ég verð sorgmæddur yfir þessu. Það er gengið yfir þá sem minna mega sín og lenda augljóslega í erfiðleikum út af þessu.“

Nicotinell




NICOTINELL LYFJATYGGIGÚMMÍ

Ertu að hætta að reykja?
Veistu hvaða bragðtegund hentar þér?

Fæst í 6 bragðtegundum!

Nicotinell, lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Hætta skal alfarið reykingum meðan á meðferð með Nicotinell stendur. Upphafsskammtur skal ákvarðaður út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Verði vart við aukaverkanir þegar hærri styrkleiki er notaður skal íhuga að skipta yfir í lægri styrkleika. Meðferðarlengd er einstaklingsbundinn. Samtímis neysla á súrum drykkjum, eins og t.d. kaffi og sódavatni, getur minnkað frásog nikótíns í munni. Forðast skal þessa drykki í 15 mínútur fyrir notkun lyfjatyggigúmmís. Tyggja skal eitt stykki Nicotinell lyfjatyggigúmmí við reykingaþörf. Venjuleg notkun er 8-12 stykki á sólarhring, þó ekki fleiri en 15 stykki af 4 mg lyfjatyggigúmmíi og 25 stykki af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Vegna eiginleika lyfjatyggigúmmís sem lyfjaforms getur nikótínþéttni í blóði verið mismunandi á milli einstaklinga. Því skal miða tíðni skammta við einstaklingsþörf, innan uppgefinna hámarksskammta. Tyggja skal eitt lyfjatyggigúmmí þar til finnst sterkt bragð. Lyfjatyggigúmmíið skal því næst hvíla á milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal byrja að tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mínútur. Í flestum tilfellum skal meðferðin standa í a.m.k. 3 mánuði. Eftir 3 mánuði skal draga smám saman úr notkun. Venjulega er ekki mælt með notkun Nicotinell lyfjatyggigúmmís lengur en í eitt ár. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Þeir sem reykja ekki og þeir sem hafa ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna eiga ekki að nota Nicotinell. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing því ekki er víst að þú megir nota Nicotinell ef þú: ert þunguð, með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi. Einstaklingar undir 18 ára aldri mega ekki nota Nicotinell nema að læknisráði. Nikótín sem er gleypt getur valdið versnun einkenna hjá sjúklingum sem eru með bólgu í vélinda, munni eða koki, magabólgu eða magasár. Einstaklingum með gervitennur, eiga við vandamál í liðamótum kjálka og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform en lyfjatyggigúmmí. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol skulu ekki nota lyfjatyggigúmmíið. Athuga ber að lyfjatyggigúmmíið og munnsogstöflurnar innihalda natríum og bútýlhýdroxýtólúen (E321) sem getur valdið staðbundinni ertingu slímhúðar en sumar bragðtegundir innihalda að auki sorbitól (E420), maltitól (E965) eða aspartam (E 951) sem ekki allir mega taka. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

Markhönnun ehf

**nettó**
Kræsingar & kostakjör




# NÓG TIL Í NETTÓ

## HAMBORGARAR & HAKK UM HELGINA!






# úrbúðinni

MIKIÐ ÚRVAL

GÆÐASKÓFLUR

Verð frá 2.190

2.190

1.570

1.690

1.790

1.590

1.690

Malarhrífa 1.890

Frábært verð á stál- og plastþakrennum.
Sjá verðlista á www.murbudin.is

Álstigi 3x8 þrep
2.27-5.05 m
**17.990**

Laufhrífa
**890**

Garðkarfa 25L
**1.075**
einnig fáanleg 50 lítra karfa kr. 1.990

Black&Decker háþrýstidæla max 110 bar
**14.900**
1400W 360/lit/klst
Þolir 50C heitt vatn
5 metra barki
Sápubox

**Lavor háþrýstidæla STM 160**
Made by Lavor

- 160 bar Max
- 8,5 lítrar/mín.
- 2500W
- Pallabursti
- 8 metra slanga
- Turbo stútur
- Slanga fyrir stíflulosun
- Þvottabursti

**27.990**

Strákústur
30cm breiður
**795**

Truper 10574
**1.895**

12 lítra fata
**345**

20 lítra fata
**895**
einnig til 12lítra á
**625**

Garðverkfærasett
**590**

Hlúaajárn Buf PGH316
**1.890**

65 lítra bali
**2.295**

## Leirpottar, verð frá kr. 125
## Gríðarlegt úrval!

Nýkomin sending

Haki
**2.390**

Strekkibönd 64407
**995**

Mako sterkir ruslapokar
120 lítrar 10stk
**390**

Flúðamold 20 l
**590**

Blákorn 5 kg
**1.390**

## Strekkibönd í úrvali

Pretul öryggisgleraugu
Trup-14304
**595**

Trup-13292 PU vinnuvettlingar
**495**

# Furukrossviður
Sjá verðlista á www.murbudin.is
verðdæmi 9 mm 5 laga 122x244cm kr. 3.190

Trup hekkklippur 23060
**1.245**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

# MÚRBÚÐIN

15 metra rafmagnssnúra
**3.190**

PVC húðað vírnet
50cmx15 metrar
**4.695**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

rksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Heilbrigðiskerfið hefur verið trassað í áratugi:

# Óheilbrigð sýn á heilbrigðiskerfið

Íslendingar guma gjarnan af því að standa framar flestum öðrum þjóðum þegar kemur að samfélagsgerð. Vissulega gagnrýna margir ýmislegt sem betur má fara, en heilt yfir virðist sú skoðun ríkjandi að samfélagsgerðin okkar sé ein sú besta í heimi; besta ef við erum að tala við útlendinga. Hrunið dró aðeins úr mesta þjóðrembingnum og eftirmálar þess einnig. Það er erfitt að loka augunum fyrir því að á sumum sviðum séum við eftirbátar annarra þjóða þegar fjölskyldur yfirgefa landið í stríðum straumum í leit að betra lífi í öðrum löndum.



Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

Glöggt er gests augað, segir einhvers staðar, og þó okkur Íslendingum hætti til að taka aðeins mark á jákvæðri gagnrýni gestanna okkar, og fyrtast við ef þeir gera sér ekki grein fyrir snilldinni sem landið er, höfum við vonandi lært að hlusta á þá neikvæðu líka. Birgir Jakobsson landlæknir hefur dvalið langdvölum fjarri landinu ísa, en er nú í þeirri stöðu að geta metið heilbrigðiskerfið okkar betur en flestir aðrir. Birgir er í viðtali í Fréttablaðinu í dag og þar kemur ýmislegt athyglisvert fram.

„Ef ég lít á heilbrigðisþjónustuna eins og hún er í dag og áður en ég fór út árið 1978, þá eru raunveruleg vandamál heilbrigðisþjónustunnar hin sömu og þá. Við notuðum ekki einu sinni góðærið til að bæta lestina í íslenskri heilbrigðisþjónustu og gera hana eins góða og mögulegt er. Það er ekki skrítið að þar sem voru brestir fyrir kreppu eru enn áþreifanlegri brestir eftir kreppu," segir landlæknir.

Þetta grefur undan rökum þeirra sem hafa skrifað allt sem að heilbrigðiskerfinu má finna á blessað hrunið. Staðreyndin virðist vera sú að kerfið hefur verið fjársvelt árum og áratugum saman. Kerfið sem kemur okkur í þennan heim, lagar okkur og börn okkar þegar á þarf að halda og í einhverjum tilfellum fylgir okkur síðasta spölinn. Uppsveifla, niðursveifla eða algjört hrun efnahagslífsins hefur ekkert haft með það að gera að ekki er hægt að koma kerfinu í sómasamlegt horf.

Að einhverju leyti skrifast það á stefnuleysi. Mörg undanfarin ár hafa ráðamenn verið volgir fyrir aukinni einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. Það hefur hins vegar enginn þorað að sýna þá djörfung að boða einkavæðinguna, frekar hefur þanþol tungumálsins verið reynt með alls kyns frösum um aukinn einkarekstur eða annað álíka. Vilji menn opna á að einkaaðilar fái aðgang að heila gillemojinu er kannski bara best að segja það hreint út og þá er hægt að laga sig að því.

Það gengur nefnilega ekki lengur að láta kerfið drabbast niður. Gildir þá einu hvort það er gert með það í huga að niðurdrabbað kerfi sé betri rök fyrir aukinni einkavæðingu eða ekki. Ef ekkert verður að gert ættum við að hætta að sproksetja þá sem finna að íslensku samfélagi og taka frekar undir með Megasi: „Við minnumst Ingólfs Arnarssonar í veislum, en óskum þess að skipið hans það hefði sokkið."

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Samráð fyrir suma**

Katrín Jakobsdóttir, fyrrverandi menntamálaráðherra, hefur barmað sér yfir þeirri ákvörðun Illuga Gunnarssonar, núverandi menntamálaráðherra, að hefja umræður við framhaldsskóla í landinu um sameiningu skólanna. Sérstaklega þykir henni samráðsleysi Illuga honum til lasts. Pawel Bartoszek, pistlahöfundur, vekur athygli á þessu á Facebook-síðu sinni og bendir á að ráðherrann fyrrverandi sem kveinar „samráðsleysi!" er sami ráðherra og tilkynnti Verzlunarskólanum bréfleiðis að hann væri orðinn að hverfisskóla fyrir Háaleiti.

**Mjúku línurnar**

„Ég held að í raun séum við öll náttúruverndarsinnar. Það er bara þannig. Við verðum auðvitað að finna þá mjúku línu um hvar við ætlum að virkja og hvar ekki," sagði Ásmundur Friðriksson þingmaður Sjálfstæðisflokksins til að freista þess að sefa þingmenn stjórnarandstöðunnar í umræðu um rammaáætlun. Það gekk ekki betur en svo að þingmaðurinn Róbert Marshall sem mætti léttbrýnn í pontu. „Að koma hingað upp og halda því fram að þú sért einhver náttúruverndarsinni er þvílíkt öfugmæli að ég hef aldrei heyrt annað eins. Hvað ætlarðu að segja næst? Að þú sért fordómalaus mannvinur? Femínisti ef til vill? Kanntu annan?"





**„Ósegsí" afturhald**

Áhugaverð umræða spratt upp á Twitter-síðu Árna Grétars Finnssonar, fyrrverandi formanns Ungra sjálfstæðismanna í Hafnarfirði, þar sem nafntogaðir ungliðar flokksins velta fyrir sér hvort stofna eigi nýjan frjálslyndan flokk þar sem Sjálfstæðisflokkurinn og aðrir flokkar sem kenna sig við frjálslyndi eru of afturhaldssamir. „Afturhald er ósegsí," sagði Þórdís Kolbrún Gylfadóttir, aðstoðarkona innanríkisráðherra, „Frjálslynt hægri og borgaraleg réttindi eru segsí." Gísli Marteinn Baldursson blandaði sér í umræðuna þar sem kallað var eftir formennsku hans í nýja flokknum og var handviss um að flokkurinn nýi gæti náð fleiri en tólf þingmönnum og skellt sér beint í ríkisstjórn.

stefanrafn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ótrúlegur árangur á þremur dögum

AUÐLINDIR



**Bolli Héðinsson**
hagfræðingur

Undirskriftasöfnunin „þjóðareign.is" hefur tekist öllum vonum framar. Á þremur dögum skrifuðu meira en tíu prósent atkvæðisbærra Íslendinga undir áskorun til forseta Íslands um að þjóðin fengi að eiga síðasta orðið um hvort ráðstafa eigi fiskveiðiauðlindinni til lengri tíma en eins árs áður en ákvæði um eignarhald þjóðarinnar á auðlindinni er komið í inn í stjórnarskrá.

Engin önnur undirskriftasöfnun hefur vakið jafn sterk viðbrögð hjá almenningi og undirskriftasöfnunin „þjóðareign.is". Það ber fyrst og fremst vott um að almenningi er nóg boðið og vill hafa meira um það að segja hvernig þjóðareignum er ráðstafað. Ef marka má síðustu upphrópanir í fjölmiðlum þar sem reynt er að gera lítið úr hinum stórkostlega árangri sem undirskriftasöfnunin hefur náð þá mætti ætla að það væri á einhvern hátt betra að ná 30 þúsund undirskriftum á þremur vikum heldur en þremur dögum!

**Margir taka undir**

Með sama framhaldi og var fyrstu daga undirskriftasöfnunarinnar hefði einfaldlega orðið skortur á kjósendum til að skrifa undir áskorunina. Þannig var það ljóst frá fyrsta degi að hægja myndi á undirskriftum frá því sem var fyrstu dagana. Þetta vissum við sem að undirskriftasöfnuninni stöndum og gerðum ráð fyrir alla tíð.

**➜ Það ber fyrst og fremst vott um að almenningi er nóg boðið og vill hafa meira um það að segja hvernig þjóðareignum er ráðstafað.**

Eins og gefur að skilja þá samsama sig margir einstaklingar og samtök málefni „þjóðareignar.is" og hafa lýst yfir stuðningi við söfnunina. Aðeins þeir einstaklingar sem upp eru taldir á heimasíðu „þjóðareignar.is" standa hins vegar að söfnuninni og engir aðrir geta talað í nafni hennar.

Að undirskriftasöfnuninni standa einstaklingar sem hvorki hafa fjölmenn samtök né ríkt bakland sem getur látið mikla fjármuni af hendi rakna til auglýsinga. Hvatning til þátttöku hefur eingöngu farið fram í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlunum og það hefur skilað okkur hinni glæsilegu útkomu undirskrifta sem söfnunin stendur núna í.

*Höfundur er einn aðstandenda undirskriftasöfnunarinnar „þjóðareign.is".*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Þótt eitthvað sé meitlað í stein er það ekki meitlað í stein

Í DAG
Sif Sigmarsdóttir
rithöfundur



Breskir fjölmiðlar standa frammi fyrir ráðgátu sem ætlar að reynast þeim erfitt að leysa. En þeir gefast ekki upp. Nú þegar vika er liðin frá þingkosningum í Bretlandi hafa færustu rannsóknarblaðamenn landsins gengið í málið. Ekkert er til sparað. Laun eru í boði þeim til handa sem veitt getur upplýsingar um gátuna. Breska pressan stendur vaktina. Þjóðin skal fá skýringu á hinu dularfulla hvarfi þyngsta loforðs kosningabaráttunnar.

**Hver þykist hann vera? Móses?**

Einhvers staðar situr nú pólitískur ráðgjafi heima hjá sér með höfuð í höndum sér og þá vitneskju í hjarta að eitt fáránlegasta pólitíska uppátæki mannkynssögunnar fæddist í kollinum á honum.

Fyrir viku urðu draumar Ed nokkurs Miliband um að verða forsætisráðherra Bretlands að engu. Verkamannaflokkurinn beið ósigur í þingkosningunum þrátt fyrir að skoðanakannanir hefðu bent til annars.

Það var ekkert í fari Miliband sem gaf til kynna að hann teldi sig vera að tapa þegar hann mætti á blaðamannafund í smábænum Hastings á suðurströnd Englands skömmu fyrir kosningar. Þvert á móti. Hann var bara frekar brattur í bestu jakkafötunum sínum – jakkinn ekki of síður, herðapúðarnir ekki upp að eyrum – er hann mætti á fundarstað, víðfeðmt bílastæði, þar sem myndavélarnar biðu hans. En himinninn var jafngrár og malbikið og þótt Miliband sæi þau ekki voru óveðursský á lofti.

Brosandi stillti Miliband sér upp fyrir framan tveggja og hálfs metra háa, áletraða steintöflu úr kalksteini eins og ekkert væri eðlilegra.

„Þessi sex loforð eru meitluð í stein," sagði Miliband þar sem hann stóð undir mörg hundruð kílóa þungri töflunni sem hefði kramið hann eins og skósóli maur ef aðstoðarmaður hans hefði ekki skorðað hana almennilega. Loforðin á steininum voru sex af mörgum tugum stefnumála sem Verkamannaflokkurinn talaði fyrir í kosningabaráttunni. „Þau eru meitluð í stein svo að þau verði ekki svikin eftir kosningarnar."

Steintaflan var útspil Verkamannaflokksins við vantrausti fólks á stjórnmálamönnum. Hugmyndin var sú að ekki væri hægt að brjóta loforð sem voru bókstaflega meitluð í stein. Jafnframt átti steinninn að minna á öll þau loforð sem fráfarandi ríkisstjórn íhaldsmanna og frjálslyndra demókrata hafði svikið, því þau höfðu hvorki verið meitluð í stein í bókstaflegri né óeiginlegri merkingu.

En táknrænir gjörningar sem kalksteinninn eru vandmeðfarnir. Sé merkingin ekki niðurnjörvuð er öllum frjálst að lesa það sem þeim sýnist í uppátækið. Steinninn kramdi Miliband ekki bókstaflega. En hann gerði það óeiginlega. Ekki leið á löngu uns öðrum túlkunum á steintöflunni rigndi yfir Miliband eins og eldi og brennisteini. „Þetta er legsteinn Milibands." „Þyngsta sjálfsmorðsbréf sögunnar." „Hver þykist hann vera með þessa steintöflu? Móses?"

**Lög til að halda loforðið**

Verkamannaflokkurinn var ekki eini flokkurinn í kosningunum sem virtist ganga út frá því að stjórnmálamönnum væri ekki treystandi. David Cameron, formaður Íhaldsflokksins, lofaði því að hækka ekki tekjuskatt á kjörtímabilinu kæmist hann til valda. Jafnframt lofaði hann því að setja lög sem bönnuðu honum að hækka tekjuskatt á kjörtímabilinu – eins og honum væri svo eðlislægt að svíkja loforð að hann gæti ekki hamið sig nema það væri hreinlega ólöglegt. Og útgáfa frjálslyndra demókrata af steintöflu Miliband voru sex rauðar línur sem flokkurinn sagðist lofa að stíga ekki yfir; sex loforð í loforðahafi kosningabaráttunnar sem flokkurinn lofaði að svíkja ekki.

Öll voru uppátækin innantómar brellur. Þegar þingkona í Verkamannaflokknum mætti í útvarpsviðtal lét hún þau orð falla um loforðin á steintöflunni „að það héldi því enginn fram að þótt búið væri að meitla þau í stein ætluðu þau ekki að brjóta þau". Þótt eitthvað sé meitlað í stein er það ekki meitlað í stein.

**Kassi af kampavíni í boði**

Kosningunum er lokið. Íhaldsflokkurinn bar sigur úr býtum og hefur fimm ár til að svíkja loforð sín. Fjölmiðlar beina nú sjónum að því sem skiptir raunverulega máli. Hvað varð um steintöfluna hans Miliband?

Dagblaðið The Telegraph hringdi í fimmtíu helstu steinsmiði Bretlands til að reyna að leysa gátuna. Daily Mail hyggst gefa þeim heilan kassa af kampavíni sem veitt getur upplýsingar um hvar steinninn er niðurkominn.

Mér varð hugsað til allra loforðanna í kosningabaráttunni í Bretlandi þegar ég las fréttir af stöðu aðildarviðræðna Íslands við ESB í vikunni. Hver raunveruleg staða málsins er treysti ég mér ekki til að fullyrða en ég gef þeim sem hendir reiður á því heilan kassa af kampavíni.

> Þessi sex loforð eru meitluð í stein, sagði Miliband þar sem hann stóð undir mörg hundruð kílóa þungri töflunni sem hefði kramið hann eins og skósóli maur ef aðstoðarmaður hans hefði ekki skorðað hana almennilega.

Evrópusambandsmálið sýnir að íslenskir stjórnmálamenn eru engir eftirbátar breskra kollega sinna þegar kemur að því að svíkja loforð. Í stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins fyrir síðustu kosningar stóð: „Kjósendur ákveði í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort aðildarviðræðum skuli haldið áfram." Þremur dögum fyrir kosningar sagði Bjarni Benediktsson að staðið yrði við það loforð. Nýverið bárust hins vegar fréttir af því að loforðið hefði horfið með dularfullum hætti úr stefnuskrá flokksins á netinu.

Það er ekki kassi af kampavíni í boði fyrir þann sem hefur upp á Evrópusambandsloforði Sjálfstæðisflokksins. Því við vitum öll hvar það er. Það er á sama stað og steintafla Miliband: Á haugunum.

## AF NETINU

### Freki karlinn fundinn



Jónas Kristjánsson telur Jón Gunnarsson hljóta að vera frekan karl.

„Freki karlinn" er orðinn að miðlægu hugtaki í tali fólks um pólitíkina. Mig minnir, að Jón Gnarr sé höfundur hugtaksins. Hann sagðist oft hafa hitt freka karlinn, sem reynir að valta yfir allt og alla. Ég hef verið að velta því fyrir mér, hver sé þessi persóna í raun. Með komu nýrrar ríkisstjórnar hélt ég fyrst það geta verið Sigurður Ingi Jóhannsson. Tuddaðist um víðan völl, en mannaðist síðan. Eða málhölt Vigdís Hauksdóttir, en hún reyndist bara tala hraðar en hún hugsar. Nú veit ég, að „freki karlinn" er Jón Gunnarsson, sem hatar víðernin eins og pestina, enda gamall bóndi. Brýtur lög og reglur í taumlausri frekju."

www.jonas.is

### Jónína full af ótta



Jónína Benediktsdóttir sem tjáði sig um múslimakonu í sundi með höfuðklút hitti hana aftur í sundi og skipti um skoðun.

„Mér leið betur vissi að hún var þrifleg. Fór síðan aftur í pottinn sæll en fyrr innan um íslensku kroppana sem koma í sund þegar sólin skín.

Eitthvað var ég hugsi um breytta tíma og hvort ég væri ef til vill svona full af ótta vegna áróðursumræðu Bandaríkjanna."

www.facebook.com/jonina.ben



# Aldur skyldi enginn forsmá

SAMFÉLAG



Margrét Jörundsdóttir og Kristinn Sveinsson

frá Sveinsstöðum

Góðir samborgarar.

Frá 17. febrúar til 17. mars á þessu ári bauðst okkur hjónum „endurhæfingarinnlögn“ á Hrafnistu í Reykjavík. Markmið þessarar þjónustu er að styðja og styrkja eldri borgara með það að markmiði að efla þá andlega og líkamlega í þeim tilgangi að gera þá betur í stakk búna að takast á við að búa áfram á eigin vegum, m.ö.o. að halda heimili.

Lengst af ævinnar leiðir fólk ekki hugann að þessu, því það er aðeins hluti þess sem glímt er við í dagsins önnum. Fjölskylda, vinna og áhugamál eru hornsteinar lífsins. En þegar ellin þrengir að verður heimilishaldið aðalatriði og hornsteinn sjálfstæðs lífs.

### Bjarta hliðin

Dagskráin á Hrafnistu DAS var í samræmi við þetta: Í boði var dagleg sjúkraþjálfun og stólaleikfimi, sem gerði ótrúlegt gagn, enn fremur hin hefðbundna handavinna og spil. Síðast og ekki síst ber að nefna hin mannlegu samskipti, sem eru svo mikilvæg sérhverjum manni, ungum jafnt sem öldnum.

Maður er manns gaman og þessi samvera með öðru fólki er afar mikilvæg þeim sem búa einir í elli sinni og við misjöfn kjör og aðstæður.

Þjálfun og aukin færni geta eflt það sem kallað er „félagsleg virkni“. En með því er átt við að fólk lokist ekki inni í sér en leiti og njóti mannlegra samskipta. Án þeirra er ekkert líf, aðeins einangrun, einmanaleiki og lifandi dauði.

Aðbúnaður, vistarverur, fæði, aðhlynning, umhyggja og viðmót starfsfólksins var til algerrar fyrirmyndar, einlægt og tilgerðarlaust – hvort heldur um var að ræða starfsstúlkur, sjúkraliða, hjúkrunarfræðinga eða sjúkraþjálfara. Þarna var valinn maður í hverju rúmi.

Maturinn var góður. Í boði var morgunverður, hádegisverður, síðdegiskaffi, kvöldverður og kvöldhressing. Boðið var upp á hollan, bragðgóðan og einfaldan mat. Hann var snyrtilega fram borinn. Allt var þetta til mesta sóma þeim er að stóðu. Slíkt ber að virða og þakka.

### Skuggahliðin

Við hjónin höfum aldrei nýtt okkur þessa þjónustu fyrr, en að fenginni reynslu er öldungis ótrúlegt til þess að vita að leggja eigi hana niður í sparnaðarskyni. Það mun þýða að þjónustan þyki of dýr og því ástæðulaust að bjóða hana til styrktar andlegri og líkamlegri reisn aldraðs fólks.

Ég get hins vegar vottað og viðurkennt að þessi mánaðardvöl veitti okkur nýja sýn á lífið. Hún efldi okkur og styrkti.

Síðastliðinn vetur var bæði þungur og þrúgandi fyrir eldra fólk. Færðin var þung og háskaleg okkur sem eldri erum. Af slíku leiðir langvarandi innisetur. Dvölin á DAS var því alger himnasending og að öllu leyti ómetanleg, enda jók hún okkur þrótt og bjartsýni. Það er bæði synd og skömm að svipta fólk þessari einstöku þjónustu.

Ég er 85 ára gömul, maðurinn minn liðlega níræður. Við búum enn í eigin húsnæði og höldum eigið heimili. Við höfum ekki verið að þvælast fyrir eða angra stofnanir hins opinbera enda mjög erfitt og seintekið að fá nokkra aðstoð þar. Við eigum trausta fjölskyldu sem hefur sameinast um það að aðstoða okkur eftir megni eftir alvarleg veikindi og afleiðingar þeirra, sem herjuðu á okkur fyrir sautján árum. Reynsla okkar af læknum er yfirleitt góð.

Mikið er talað um fjölgun eldri borgara í framtíðinni. Það er flest á neikvæðum nótum. Ég segi á móti að það er töggur í þjóð sem nær háum aldri. Hár meðalaldur bendir til almennra lífsgæða enda eru Íslendingar vel settir um margt. Eldri borgarar eru þeir sem lokið hafa ævistarfi sínu og verðskulda virðingu og góðan aðbúnað þegar þar er komið æviskeiðinu.

Sannleikurinn er hins vegar sá að úrræði ætluð eldri borgurum í eigin húsnæði eru í skötulíki. Þau líta vel út á pappír en þegar til á að taka er erfitt að nálgast og njóta slíkra úrræða – kerfið stíft og stirt.

Kerfið er kerfi. Það er alls ekki einstaklingsmiðað. Við höfum fundið áþreifanlega fyrir því, en notið úrræða barna okkar, sem leyst hafa það sem þurft hefur að leysa af drengskap og sóma.

# Af hugsuðum

MENNING



Húbert Nói Jóhannesson

myndlistarmaður

Það er undarlegt að myndlistarrýnir Ríkissjónvarpsins, sem flytur okkur hugvekjur í enda dagskrárliðarins Djöflaeyjan, finni hjá sér þörf til að réttlæta val á erlendum listamanni sem fulltrúa Íslands á Feneyjartvíæringi með því að afskrifa og atvinnuræga íslenska myndlistarmenn heilt yfir. (Að undanskildum þeim íslensku myndlistarmönum sem eru erlendir.)

Á myndlistarrýninum mátti skilja, í einni af hugvekjum hans, að íslenskir myndlistarmenn hafi ekki það andlega atgervi sem þarf til að fara sem fulltrúar sinnar þjóðar á Feneyjatvíæringinn.

Íslenskir myndlistarmenn standast kröfur um hagleik og meðferð hefðbundins efnis en eru ófærir um að vinna með flókið myndmál.

Verk þeirra skortir aukinheldur allt inntak, þeir „hafa ekkert að segja“, eru engir hugsuðir, andleg „násker“.

(Nú vekur þetta þá spurningu að ef rétt er að í verkum íslenskra myndlistarmenna sjáist hvorki heil hugsun eða brú þá lýsi það vel íslenskum veruleika og samfélagi eins og það er nú um stundir og slík verk því skínandi og sannur spegill þjóðar.)

Þetta árið var, svo öllu sé til haga haldið, valinn erlendur ríkisborgari sem framlag Íslands á Feneyjatvíæring.

Eðlilega fór af stað talsverð umræða um þetta meðal myndlistarmanna og ýmsar skoðanir fram settar en engan heyrði ég draga í efa hæfileika listamannsins sem varð fyrir valinu.

Það er mikið tækifæri fólgið í því að vera valinn sem fulltrúi þjóðar á Feneyjatvíæring og getur orðið stökkpallur fyrir listamann til að koma sér betur fyrir í sínu fagi, fá aukin tækifæri og ekki síst að vinna með fagfólki í allri umgjörð.

### Segi af sér

Á Rás 2 Ríkisútvarpsins 11. maí síðastliðinn var viðtal við myndlistarrýni Djöflaeyjunnar, þá nýkominn frá Feneyjum. Hann sagði hlustendum meðal annars frá fjórtán manna sendinefnd sem þar er að störfum frá sölugalleríi núverandi fulltrúa Íslands.

Sendinefndin sér líklega um að útskýra fyrir áhugasömum myndlistarrýnum hugsunina að baki verki listamannsins og skírskotanir þess til samtímans sem listrýnar komu ekki auga á sjálfir.

Fáir ef nokkrir íslenskir myndlistarmenn hafa aðgang að svo öflugri sveit í daglegu amstri og einmitt þess vegna er Feneyjatvíæringur íslenskum listamönnum mikilvægur því hann getur skapað þeim þannig starfsumhverfi.

Það starfsumhverfi listamanns er þá einnig orðið vettvangur og hróður þjóðar eins og margoft hefur sýnt sig á undanförnum árum með velgengni íslenskra listamanna á heimsvísu.

En dagskrárgerðarmaður Djöflaeyjunnar sér ástæðu, umbúðalaust, til að afskrifa íslenska myndlistarmenn frá alþjóðlegu starfi og skilaboðin eru þau að íslenskir myndlistarmenn eigi ekkert erindi á Tvíæringinn í Feneyjum.

Dagskrárgerðarmaðurinn ætti nú að ganga fram fyrir skjöldu og segja starfi sínu lausu þar sem myndlistin í landinu nær ekki máli og því ástæðulaust að gera henni nokkur skil í sjónvarpi.





Laugardaginn 16. maí munu Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands halda málþing um virði og verndun miðhálendisins. Málþingið hefst kl. 10:30 í ráðstefnusal Laugardalshallar (Engjavegi 8) og lýkur kl. 15:30.

Dagskrá:

Kl. 10:30 Hvers vegna að vernda miðhálendið-Hvað er í húfi?

Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor í grasafræði:
Náttúrufarslegt virði hálendisins.

Sigurður Jóhannesson, hagfræðingur á Hagfræðistofnun HÍ:
Hagfræðilegt gildi hálendisins-Er hægt að meta það?

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar:
Hvaða hagsmuni hefur ferðaþjónustan af verndun hálendisins?

Þórarinn Eyfjörð, formaður Útivistar:
Mikilvægi óraskaðs hálendis fyrir útivistarfólk.

Páll Jakob Líndal, aðjúnkt við sálfræðideild HÍ:
Hvers virði er náttúra hálendisins fyrir heilsu og vellíðan?

Hádegismatur

Kl. 13:15 Hvernig tryggjum við verndun miðhálendisins?

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, varaoddviti Skaftárhrepps:
Sýn sveitarstjórnarmanns á vernd hálendisins.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar:
Skipulagsmál hálendisins.

Peter Prokosch, stofnandi umhverfissamtakanna Linking tourism & conservation:
How can tourism support protected areas?

Edward Huijbens, Sérfræðingur hjá Rannsóknarmiðstöð Ferðamála:
Stýring ferðamanna á hálendi Íslands.

Kaffihlé

Kl. 14:45 Umræður

LANDVERND


# Vinstri eða hægri öfgar?

STJÓRNMÁL



Guðmundur Edgarsson

málmenntafræðingur

Sumir kalla þá sem aðhyllast lífsspeki frjálshyggjunnar hægri-öfgamenn. Þá hefur það viðhorf fest í sessi að bendla öfgar þjóðernissinna hér og þar um heiminn við hægri stefnu. Bæði þessi sjónarmið byggja á misskilningi enda ganga þau í berhögg við grunnstef frjálshyggjunnar. Annars vegar felst mótsögn í því að kenna þá skoðun við öfgar, að viðskipti og félagsleg samskipti skuli byggja á friði og valkvæðri þátttöku, en ekki þvingunaraðgerðum æ sterkara ríkisvalds. Hins vegar er hvers kyns þjóðernisstefna sem byggir á ofbeldi eða kynþáttahyggju í andstöðu við hugmyndir frjálshyggjunnar um markaðsfrelsi því á frjálsum markaði spyr viðskiptavinurinn ekki hvernig bakarinn sé á litinn, heldur hvernig brauðið sé á bragðið.

### Friðarboðskapur frjálshyggjunnar

Frjálshyggja (e. libertarianism) er reist á þremur meginstoðum: einstaklingsfrelsi, eignarrétti og frjálsum markaði. Til að þessar stoðir virki með skilvirkum hætti þarf að færa sem mest vald frá ríkinu og stjórnmálamönnum til þess vettvangs þar sem viðskipti og samskipti eru háð sjálfviljugri þátttöku fólksins sjálfs, þ.e. markaðarins. Markaður er ekki bara torg peningalegra viðskipta. Hann er ekki síður vettvangur þar sem fólk leggur sitt af mörkum af fúsum og frjálsum vilja til margs konar þjóðrifaverka, til dæmis til hjálpar þeim sem höllum fæti standa. Grunntónninn í frjálshyggjunni er því að fara skuli með friði og að ekki skuli liðið að einstaklingar eða ríkið beiti aðra ofbeldi að fyrra bragði. Þetta er stundum nefnt friðsemdarlögmálið (e. non-aggression principle).

### Þýskaland þjóðernishyggjunnar

Á fjórða áratug síðustu aldar komst til valda einstaklingur í Þýskalandi sem hjó í allar þrjár meginstoðir frelsisunnandi manna. Hann svipti milljónir saklausra borgara frelsi sínu og lífshamingju með því hrekja þá burt af heimilum sínum og smala saman í fangabúðir til vinnuþrælkunar, pyntingar og dauða auk þess sem hann hirti af fólki margvíslegar eignir. Þá herti hann tök ríkisins á markaðnum líkt og enginn væri morgundagurinn. Efnahagslífinu var drekkt í sköttum, reglugerðafrumskógi og tilskipunum um hvað mátti framleiða og selja, í hve miklu magni og á hvaða verði. Ótækt þótti að viðskipta- og atvinnulífið fengi að hafa sinn gang samkvæmt framboði og eftirspurn; eftirlitsstofnanir hins alvitra ríkisvalds skyldu hafa síðasta orðið, ekki gagnkvæmur vilji seljenda og kaupenda á markaði.

### Öfgar til vinstri?

Sá stjórnmálaflokkur sem leiddi þennan harðstjóra til valda hét Nationalsozialistische Deutsche Arbeiterpartei eða Verkamannaflokkur þýskra þjóðernissósíalista á íslensku. Eitt helsta slagorð flokksins var „almannahagsmunir umfram einstaklinginn“. Margir myndu því telja að hér hefði verið á ferðinni vinstri flokkur með ofurtrú á miðstýringu og áætlunarbúskap. Í stað þess að fólk fengi með friðsælum hætti að haga lífi sínu eftir eigin draumum og hæfileikum, skyldu sjálfskipaðir þjóðfélagsverkfræðingar fyrirmyndarríkisins ráða örlögum þess. Allt fyrir heildina, var sagt. Því fór sem fór.

# ALLT KLÁRT FYRIR VORIÐ? VIÐ EIGUM ALLT SEM ÞARF!






## MERKISATBURÐIR

**1525** Orrustan við Frankenhausen gerði út um bændauppreisn í Þýskalandi.

**1770** Íslandi var skipt í ömt: annars vegar suður- og vesturamt og hins vegar norður- og austuramt. Síðar voru suðuramt og vesturamt aðskilin.

**1811** Paragvæ fékk sjálfstæði frá Spáni.

**1897** Sigfús Eymundsson flutti til landsins talvél eða grafófón og var sagt frá því í auglýsingu að tækið talaði og syngi ýmis lög.

**1905 Stofnun Las Vegas: Járnbrautarfélag seldi stóra landspildu í Nevadaeyðimörkinni til áhættufjárfesta.**

**1937** Hátíð var haldin á Íslandi í tilefni af 25 ára stjórnarafmæli Kristjáns konungs tíunda.

**1941** Alþingi samþykkti að fresta alþingiskosningum um allt að fjögur ár vegna hernámsins. Kosningar fóru þó fram árið eftir.



**1952** Fiskveiðilögsaga Íslands var færð út í fjórar mílur en var áður þrjár. Auk þess var flóum og fjörðum lokað fyrir botnvörpuveiðum.

**1967** Fyrsta íslenska sjónvarpsleikritið var frumsýnt: Jón gamli eftir Matthías Johannessen.

**1976** Keflavíkurganga á vegum herstöðvaandstæðinga var gengin frá hliði herstöðvarinnar til Reykjavíkur.

**1987 John Travolta kvikmyndaleikari kom til Íslands ásamt fríðu föruneyti.**

---

**ÞETTA GERÐIST:** 15. MAÍ 2008

## Samkynhneigðir fá að giftast í Kaliforníu

Þennan dag árið 2008 varð Kalifornía annað ríki Bandaríkjanna til að leyfa hjónabönd samkynhneigðra en Massachusetts reið á vaðið árið 2004. Leyfið var veitt eftir að hæstiréttur Kaliforníu úrskurðaði að fyrra bann gengi gegn stjórnaskránni.

Hinn 5. nóvember sama ár var leyfið hins vegar afturkallað en þá höfðu nokkur þúsund samkynhneigð pör gengið í það heilaga. Ástæða þess var sú að tillaga, sem vestanhafs gekk undir nafninu Proposition 8, var samþykkt með 52,1 prósenti atkvæða. Í henni var mælst til þess að málsgreininni „Aðeins hjónaband milli karls og konu er gilt og löglegt í Kaliforníu“ yrði bætt í stjórnarskrá ríkisins.

Margir íhaldssamir hópar töluðu óspart fyrir tillögunni til að snúa við ákvörðun hæstaréttar frá því 15. maí um að lögleiða hjónaband samkynhneigðra. Sjálfur hafði hæstiréttur snúið við ákvörðun þjóðaratkvæðagreiðslu frá árinu 2000 þar sem 61 prósent kjósenda vildi að hjónaband gæti aðeins verið milli karls og konu.





**NÝ TÓNLEIKARÖÐ** Brautryðjandi verk tónskáldsins Atla Heimis Sveinssonar verða í hávegum höfð í tónleikaröðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ný tónleikaröð með verkum Atla Heimis

**Tónleikaröð þessi fagnar verkum hins afkastamikla og hæfileikaríka tónlistarmanns/tónskálds Atla Heimis Sveinssonar. Borgar Magnason er listrænn stjórnandi seríunnar.**

Ný tónleikaröð með verkum Atla Heimis Sveinssonar er að fara af stað en fyrstu tónleikarnir í tónleikaröðinni fara fram í kvöld í Mengi. Tónleikaröðin, sem ber nafnið, Atli Heimir og árdagar framúrstefnunnar á Íslandi, heldur svo áfram í ágúst og verður síðasta föstudag í mánuði fram á vor. Brautryðjandi verk tónskáldsins Atla Heimis Sveinssonar verða í hávegum höfð í tónleikaröðinni en hún er samstarfsverkefni Mengis og Listaháskóla Íslands.

Upphafstónleikarnir sem fram fara í kvöld munu þjóna sem kynning á seríunni í heild sinni, en á sama degi munu aðstandendur hátíðarinnar einnig hefja söfnun á Karolinafund til að fjármagna framhaldið á þessu metnaðarfulla verkefni. Frá og með ágústmánuði og fram í apríl 2016 mun síðasti föstudagur hvers mánaðar vera helgaður verkum Atla Heimis.

Borgar Magnason, listrænn stjórnandi seríunnar, hefur unnið að heildar samantekt á höfundarverki Atla Heimis undanfarið ár. Við þá vinnu kom í ljós heilt ævistarf af verkum í framúrstefnu stíl sem samin eru á árunum fyrst eftir að Atli Heimir kynnist Stockhausen og evrópskri framúrstefnu. Það sem kemur helst á óvart við þessi metnaðarfullu og framúrstefnulegu verk hans er að sum hafa aldrei verið flutt, hvað þá tekin upp og mörg hver hafa ekki heyrst síðan þau voru frumflutt. Fjöldinn allur af gríðarlega vönduðum verkum bíður því flutnings en flutningur á úrvali þeirra er leiðarstefið í tónleikaröðinni, þó einleiks- og kammerverk frá öðrum tíma fái einnig að fylgja með.



**LISTRÆNN STJÓRNANDI** Borgar Magnason stýrir seríunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á tónleikunum í kvöld í Mengi koma fram sannkallaðar kanónur á sínu sviði en það eru þau, Melkorka Ólafsdóttir þverflautuleikari, Arngunnur Árnadóttir klarinettleikari, Michael Kaulartz fagottleikari og Örn Magnússon er lesari. Þau verk sem flutt verða eru Trio für Bläser (1960) en um frumflutning er að ræða, Djúp er sorgin // Tief ist die Trauer (2002) fyrir einleiks flautu, Fönsun IV (1968) fyrir einleiks fagott, Dona nobis pacem (1983) fyrir einleiks klarinett og lesara.

Eins og greint er frá hér til hliðar munu aðstandendur hátíðarinnar einnig hefja söfnun á Karolinafund til að fjármagna framhaldið. Ýmislegt verður hægt að fá með því að styðja tónleikaröðina. gunnarleo@frettabladid.is

### ➜ Eftirfarandi er í boði ef verkefnið er stutt í gegnum Karolinafund

**Á sjötta og sjöunda áratugnum samdi Atli Heimir Sveinsson nokkurn fjölda tónverka sem skrifuð voru á óhefðbundinn, og oft á tíðum abstrakt, myndrænan hátt. Mörg verkin koma fyrir sjónir sem myndverk frekar en tónverk og var þetta tilraun Atla Heimis til að opna fyrir túlkun verkanna og fá flytjendur til að taka meiri þátt í sköpun þeirra.**

- Eitt póstkort (þrykkt í letterpress) með teikningu eftir Atla Heimi Sveinsson, upp úr tónverkum hans Fönsun IV og Mengi.
- Pakki með fjórum póstkortum (þrykkt í letterpress) með teikningum eftir Atla Heimi Sveinsson, upp úr tónverkum hans Fönsun IV og Mengi.
- Silkiþrykk í takmörkuðu upplagi í stærðinni 28 x 40 cm af grafísku tónverki eftir Atla Heimi Sveinsson.
- Pakki með fjórum silkiþrykkum í stærðinni 28 x 40 cm í takmörkuðu upplagi af mynd-tónverkum eftir Atla Heimi Sveinsson.
- Silkiþrykkt sería af níu myndum úr tónverkinu For Boys and Girls eftir Atla Heimi Sveinsson samið fyrir SÚM hópinn árið 1967. Takmarkað upplag.

---

†



Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,

**VILBORG MAGNEA ÞÓRÐARDÓTTIR**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli þriðjudaginn 28. apríl sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks 5. hæðar Hjúkrunarheimilisins Skjóls fyrir alúð og umhyggju.

**Kristbjörg Þ. Bergmann**
**Stefán Ármann Þórðarson**
**Ólafur Þórðarson** **Kolbrún Valdimarsdóttir**
**Sigríður Bergmann**
**og aðrir ættingjar.**

---

†



Móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**AASE V. M. DUNN**
**frá Tórshavn, Færeyjum,**

lést á heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi þriðjudaginn 21. apríl síðastliðinn. Bálför fer fram frá Fossvogskapellu mánudaginn 18. maí nk., kl. 15.00.

**Axel H. Lutzhöft** **Eyðna Hansen**
**Charlotta Evensen** **Þorvaldur Evensen**
**Elisabeth Dunn**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HULDÍS GUÐRÚN ANNELSDÓTTIR**
**síðast til heimilis að Vesturgötu 7, Reykjavík,**

lést 30. apríl síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju í dag föstudaginn 15. maí, kl. 13.

**Þorsteinn R. Þorsteinsson** **Ágústa Bárðardóttir**
**Unnur Þorsteinsson**
**Annel B. Þorsteinsson** **Guðrún Sigurðardóttir**
**Guðmundur M. Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**SAFNADAGUR**
**Íslenski safnadagurinn verður haldinn á sunnudag um allt land en dagurinn hefur verið haldinn að frumkvæði safnafólks síðan 1997. Um 50 söfn taka þátt og er ókeypis inn á flest þeirra.**













**ÁSTRÍÐU-KOKKUR** Ragna hefur lengi haft áhuga á matargerð. Pekanhnetu-snúningurinn á myndinni hentar vel með límon-aðinu en upp-skriftina að honum má finna á matar-bloggi Rögnu, ragna.is. MYNDIR/STEFÁN

# DREYMIR UM SÓL

**UPPSKRIFT** *Þegar sólin skín eins og hún hefur gert undanfarið er ekki úr vegi að huga að sumarlegum uppskriftum þó hitinn mættu alveg vera meiri.*

Rögnu Björgu Ársælsdóttur, hjúkrunarfræðingi, matarbloggara og söngkonu, finnst skemmtilegt að gera ýmsar tilraunir í eldhúsinu með nýjar bragðtegundir og rétti. Hún hefur lengi haft áhuga á matargerð og sat ung á eldhúsbekknum og fylgdist með mömmu sinni og ömmum í eldhúsinu. Þegar Ragna bjó í Bretlandi var sumarið þar það heitasta í hundrað ár. „Ég lærði þá að gera heimagert límonaði og síðan þá hefur þetta verið uppáhalds sumardrykkurinn minn. Ég geri margar útgáfur af honum svo að það er seint hægt að þreytast á þessum drykk. Ég er farin að þrá sumar og sól og svo var ég að koma frá Stokkhólmi þar sem ég fann þessa fallegu könnu sem ég tók með mér í handfarangri og mig langaði að prófa að fylla hana af sæt-súru límonaði með fljótandi klökum og sítrónusneiðum. Svo ætla ég að láta mig dreyma um sólhlífar,“ segir Ragna og brosir.

**UNDIRBÚNINGUR:**
400 ml sykur
200 ml vatn
Hitað saman að suðu þar til sykurinn er uppleystur. Sett í kæli og kælt.

**SAMSETNING:**
350 ml sítrónusafi (um það bil sex til níu sítrónur)
2 lítrar kalt vatn
sykursíróp
Aðferð:
- Kreistið safann úr sítrónunum í höndunum eða með safapressu.
- Sigtið safann til að fjarlægja steina. (Gott er að geyma smá af aldinkjötinu sem festist í sigtinu og bæta út í safann eftir á.)
- Hellið sykursírópi, sítrónusafa og vatni saman við og hrærið þar til allt er blandað.
- Skerið eina sítrónu í þunnar sneiðar og bætið klökum út í.
Geymist í nokkra daga í kæli í lokaðri flösku.

„Það er gaman að leika sér með þessa uppskrift og setja nokkur myntublöð út í sykursírópið þegar soðið er upp á því. Þau eru svo sigtuð frá áður en sírópið er sett út í vatnið og sítrónuna og fersk blöð látin í staðinn. Eins er hægt að nota timían, rósmarín eða ýmiss konar ber,“ segir Ragna.



**SUMARDRYKKUR** Það verður gott að bragða á þessu límonaði á heitum degi í sumar.












**FJÖLSKYLDUDAGUR** Safnadagurinn er hugsaður sem einstök skemmtun fyrir fjölskylduna að sögn Elísabetar Pétursdóttur, verkefnastýru hjá Félagi íslenskra safna og safnamanna. MYND/STEFÁN

# EINSTÖK SKEMMTUN

**SAFNADAGURINN** *Árlegur Safnadagur er um helgina. Um 50 söfn bjóða upp á fjölbreyttar sýningar fyrir alla fjölskylduna og er ókeypis inn á flest þeirra.*

Íslenski safnadagurinn verður haldinn á sunnudag um allt land en dagurinn hefur verið haldinn að frumkvæði safnafólks frá árinu 1997. Um 50 söfn taka þátt og er ókeypis inn á flest þeirra. Markmið Safnadagsins er fyrst og fremst að kynna og vekja athygli á faglegu safnastarfi á Íslandi en þar fer fram mikil gróska í fræðslu og miðlun sem landsmenn geta verið stoltir af segir Elísabet Pétursdóttir, verkefnastýra hjá Félagi íslenskra safna og safnamanna. „Safnadagurinn er skipulagður eftir fyrirmynd alþjóðlega safnadagsins en hefur auðvitað þróast bæði að umfangi og fjölbreytni undanfarin ár. Hann er sérstaklega hugsaður sem fjölbreytt fræðsla en ekki síður sem einstök skemmtun fyrir alla fjölskyldumeðlimi, enda er boðið upp á afar skemmtilega dagskrá hjá þeim söfnum sem taka þátt.“

Sem fyrr segir taka um fimmtíu söfn þátt en meðal einstakra viðburða nefnir Elísabet fágætt tækifæri til þess að skoða geymslur Hönnunarsafnsins í Garðabæ, göngutúr við Gljúfrastein sem Halldór Laxness skrifaði um í verkinu Í túninu heima árið 1975 og fjölbreytta dagskrá sem Borgarsögusafn Reykjavíkur er með á öllum sýningarstöðum sínum. „Einnig má nefna sýninguna Hjáverkin í Árbæjarsafni sem byggir á safnkosti safnsins og í Hafnarborg er boðið upp á fjölskylduleiðangur um sýninguna Menn fyrir allar gerðir fjölskyldna.“

Á landsbyggðinni er safnadagurinn fastur liður hjá mörgum sveitarfélögum. „Í Norska húsinu í Stykkishólmi verður opnuð ný sýning sem nefnist Miðstöðvar og mangarar og í Listasafni Árnesinga er boðið upp á listasmiðju með listamanninum Sirru Sigrúnu Sigurðardóttur. Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi býður upp á stofutónleika og söfn og sýningar við Eyjafjörð taka höndum saman og opna nýja sumarsýningu í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Þar sýna tuttugu söfn og sýningar gripi úr fórum sínum sem tengjast konum á einn eða annan hátt.“

Í ár er unnið með alþjóðlegt þema safnadagsins sem er „Söfn í þágu sjálfbærni“ en þannig er reynt að vekja athygli á og velta fyrir sér hvernig söfn geta stuðlað að aukinni vitund um sjálfbærni að sögn Elísabetar. „Umhverfisþátturinn liggur auðvitað beint við, til að mynda að velja umhverfisvæn efni við uppsetningu sýninga, hvernig má nýta safneign á sjálfbæran hátt við miðlun og fræðslu og almennt að huga að félagslegum tengslum við nærsamfélagið.“

Dagskrá Safnadagsins er aðgengileg inn á www.safnmenn.is, safnabokin.is og á Facebook-síðu Safnadagsins.



**FJÖLBREYTNI** Um 50 söfn um allt land taka þátt í Safnadeginum. MYND/ÚR EINKASAFNI

# ÍRSK ÞJÓÐLAGATÓNLIST Í HÖRPU

*Heldur óvenjulegir tónleikar verða í Norðurljósasal Hörpu í kvöld kl. 20.30. Þá stígur á svið Þjóðlagasveit Tónlistarskólans á Akranesi undir stjórn Skúla Ragnars Skúlasonar.*

Þetta er tónleikasýning sem nefnist Raddir sem aldrei hljóðna. Verkið er samsafn laga og texta úr öllum áttum og er efnið sótt til Riverdance-sýninganna. Flutt verður írsk og skosk þjóðlagatónlist ásamt blandi frá öðrum heimshornum.

Þjóðlagasveitina skipa 16 fiðluleikarar frá Akranesi á aldrinum 17-27 ára ásamt trommuleikara, píanóleikara og bassaleikara.

Hópurinn fékk almenning til að senda inn óskaljóð og -lög í sýninguna. Áheyrendur upplifa afraksturinn og eiga þeir sem veittu tónsveitinni liðsinni bestu þakkir fyrir, að sögn stjórnandans. Þemað í sýningunni byggir á vorinu, ilmi ástar og blóma. Hér setja minningar, söknuður, æskan og tíminn sterkan svip á heildarmyndina. Aðaleinkenni Þjóðlagasveitarinnar er



að hún blandar saman hljóðfæraleik, söng og talkór og afraksturinn skilar sér í einu heilsteyptu verki.

Raddir sem aldrei hljóðna er níunda tónleikaverkefni Þjóðlagasveitarinnar. Með verkefninu Raddir sem aldrei hljóðna ætlar hópurinn að leiða áhorfendur inn í veröld töfra og tóna sem spannar allan tilfinningaskalann, segir í tilkynningu.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Lífið

FÖSTUDAGUR
15. MAÍ 2015

Nanna Árnadóttir íþróttafræðingur
**STUNDUM LÍKAMSRÆKT ÚTI VIÐ Í SÓLINNI 4**

Eva Laufey Kjaran þáttagerðarkona
**LJÚFFENGUR LAXABORGARI OG LAXASTEIK 8**

Tíska og trend í förðun
**SÉRFRÆÐINGUR KENNIR GLAMÚRFÖRÐUN 10**



Signý Kolbeinsdóttir

## FURÐUVERUR OG BÓNORÐ Í SMS-I

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

# TÍU SKREF Í ÁTT AÐ UMHVERFISVÆNNI LÍFSSTÍL

**Margt smátt gerir eitt stórt og því er mikilvægt að leggja sitt af mörkum til að hlúa að umhverfinu.**



**Friðrika Hjördís Geirsdóttir**
umsjónarkona Lífsins | rikka@365.is

Um daginn sá ég frétt á netinu um konu sem hafði ekki hent frá sér rusli í bráðum tvö ár, fyrir venjulegan leikmann eins og mig þá er það kannski of mikið af því góða og jafnvel allt að því óhugsandi gjörningur. Þessi frétt sat aftur á móti í mér og var ekki hjá því komist að fara í smá sjálfsskoðun í kjölfarið og skoða niður í kjölinn ruslahefðir heimilisins. Jú, að einhverju leyti stendur fjölskyldan sig vel en við gætum gert svo miklu betur með smávægilegum breytingum, þó að það væri ekki nema bara örlítil hugarfarsbreyting. Flest heimili eru nú farin að sortera endurvinnanlegan pappír frá venjulegu heimilissorpi og setja til hliðar plast- og glerflöskur sem svo er skilað til endurvinnslu. En hvað getum við gert meira til þess að verða umhverfisvænni á einfaldan hátt?

Við skulum kíkja á nokkur góð ráð.



Það skiptir máli fyrir heiminn eins og hann er í dag og eins og hann verður í framtíðinni að snúa við blaðinu í umhverfisvitund. NORDICPHOTOS/GETTY

## Gler í stað plasts

Notum glerflöskur í stað plastflaskna undir vatnið okkar í ræktinni og í vinnunni. Það er bæði betra fyrir okkur og umhverfið.

## Endurnýtanlegir pokar

Ekki kaupa plastpoka nema í undantekningartilfellum. Notum endurnýtanlega poka undir matvörur og önnur innkaup.

## Hvílum þurrkarann

Eins og það er þægilegt að henda öllu í þurrkarann þá notar hann óþarflega mikið af rafmagni og styttir endingu fatnaðar. Hengjum þvottinn upp.

## Rennandi vatn

Það er algjör óþarfi að láta vatnið renna við uppvaskið eða tannburstunina. Skrúfum fyrir þegar við erum ekki að nota vatnið.

## Hjólum, hlaupum

Hvílum bílinn eins mikið og við mögulega komumst af með. Hjólum, hlaupum eða göngum í staðinn eða sameinumst um bílferðir.

## Kaffibollinn

Á flestum vinnustöðum er kaffi í boði hússins og við hverja kaffivél er hrúgan öll af pappírsmálum. Notum okkar eigin bolla í vinnunni.

## Gefðu fötin þín

Gefðu fötin í fatasöfnun eða til vina ef þú ert hætt að nota þau. Barnaföt geta komið öðrum að góðum notum enda oftast lítið notuð.

## Borgaðu reikningana

Fáðu reikningsyfirlit og reikninga í tölvupósti eða heimabankann.

## Beint frá býli

Reyndu af fremsta megni að kaupa frá nærliggjandi framleiðendum. Bæði er varan ferskari og þú stuðlar að atvinnu í samfélaginu.

„Á flestum vinnustöðum er kaffi í boði hússins og við hverja kaffivél er hrúgan öll af pappírsmálum. Notum okkar eigin bolla í vinnunni

## Nýttu matinn

Búðu til lista áður en þú kaupir í matinn svo þú farir ekki að kaupa einhvern óþarfa og endir á því að henda helmingnum. Verum meðvituð í matarinnkaupum.



## RÓLEG RÓMANTÍK

Andrea Sóleyjar og Björgvinsdóttir er í ritstjórn Kvennablaðsins, eigandi skemmtistaðarins Fróns á Selfossi og móðir þriggja stúlkna. Þegar Andrea smellir sér í rómantíska og rólega stemningu þá smellir hún eftirfarandi lögum á fóninn og slakar á.

- **KING KUNTA**
  *KENDRICK LAMAR.*
- **THEY DON'T KNOW**
  *DISCIPLES.*
- **7/11**
  *BEYONCÉ.*
- **WHEN A FIRE STARTS TO BURN**
  *DISCLOSURE.*
- **FADED MED ZHU. BOING**
  *NICK OG JAY.*
- **FADE OUT LINES**
  *THE AVENER AND PHOEBE KILLDEER.*
- **LAY ME DOWN**
  *SAM SMITH.*
- **SAY YOU LOVE ME**
  *JESSIE WARE*







**Lífið**
www.visir.is/lifid
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Umsjón **Friðrika Hjördís Geirsdóttir** rikka@365.is • Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** erlabjorg@365.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Stefán Karlsson**


Fylgstu með á Facebook – Lindex Iceland
#LindexIceland
holiday everyday
Blússa,
2995,–
LINDEX

# HEILSURÆKTIN STUNDUÐ ÚTI Í SUMAR!

**Nú þegar veðrið er okkur loksins hliðhollt þá er um að gera að brjóta upp rútínuna og fara út og hreyfa sig. Það eru ótal leiðir til að nýta nærumhverfið og getur það skilað sér í bættu formi og sálin kætist einnig við sólarljósið og hreina loftið.**



**Nanna Árnadóttir**
íþróttafræðingur


NORDICPHOTOS/GETTY

Loksins, loksins hefur sólin látið sjá sig og veðurguðirnir ákveðið að leyfa okkur að njóta hennar, án þess að vera í kuldagallanum, síðustu daga. Ég hef tekið eftir því undanfarna daga að fólkið í kringum mig er almennt bjartara og glaðara en það hefur verið í vetur. Það brosir meira og er jákvæðara en oft áður. Það er ótrúlegt hvað sólin hefur mikil áhrif á líðan okkar og því um að gera að nýta hana til hins ýtrasta á meðan tækifæri gefst.

Þar sem ég vinn á líkamsræktarstöð hef ég einnig tekið eftir því að smám saman fækkar á stöðinni eftir því sem veðrið batnar. Hvers vegna? Jú fólk fer frekar út og hreyfir sig! Við fáum bara örfáa mánuði á ári þar sem veðrið er þokkalega gott. Fæst okkar njóta þeirra forréttinda að vinna úti yfir sumartímann og því viljinn til að eyða þeim frítíma sem maður hefur á daginn úti mjög mikill. Ég ákvað því að taka saman nokkra kosti þess að hreyfa sig utandyra yfir sumartímann.

1. Það að geta hreyft sig undir berum himni og andað inn fersku lofti á meðan er ómetanlegt. Líkaminn fyllist af einhverri ólýsanlegri orku og viljinn til að gera enn meira og betur tekur yfir.
2. Þú færð að upplifa umhverfið og náttúruna og njóta hennar í botn á meðan líkaminn vinnur fyrir bættri heilsu. Prófaðu að fara eitthvert sem þú hefur aldrei farið áður og stunda líkamsræktina þar. Það er virkilega gaman að hlaupa hring í ókunnugum bæ og skoða sig um.
3. Þú færð alveg frían skammt af D-vítamíni og smá lit á kroppinn í leiðinni. Mundu bara eftir sólarvörninni!
4. Öll fjölskyldan getur tekið þátt. Það er ekkert aldurstakmark á æfingar utandyra. Taktu fjölskylduna með í fjallgöngu, farið í gönguferð í fjöruna eða finnið ykkur stað til þess að fara í ærslafulla leiki saman. Það er frábært að njóta samveru við ástvini á meðan maður hreyfir sig.
5. Þú getur æft hvar sem er og hvenær sem er. Engar áhyggjur af því að líkamsræktarstöðin sé lokuð eða að það sé of mikið af fólki. Þú ræður algjörlega ferðinni.

Ég get ekki lýst því hversu ánægð ég er yfir að geta loksins farið út að hlaupa og stundað æfingar utandyra og get ekki mælt nógu mikið með því fyrir alla. Því legg ég til að allir finni sér hreyfingu við hæfi sem hægt er að stunda undir berum himni. Ef þú vilt félagsskap við æfingarnar er ekkert mál að finna hlaupahóp eða æfingahóp sem æfir úti yfir sumartímann. Finndu bara það sem þér hentar og komdu þér út, því áður en þú veist af verður Vetur konungur kominn aftur í öllu sínu veldi.

> „Það er ótrúlegt hvað sólin hefur mikil áhrif á líðan okkar og því um að gera að nýta hana til hins ýtrasta á meðan tækifæri gefst“

Félag íslenskra fótaaðgerðafræðinga
löggilt heilbrigðisstétt

**Heilbrigðir fætur**

**Maí mánuður er alþjóðlegur fótverndarmánuður.**

**Íslenskir fótaaðgerðafræðingar verða með fræðslu í sundlaugum landsins laugardaginn 16. maí á milli kl. 10 og 14.**

Í ár leggjum við áherslu á fætur unga fólksins.

Mikilvægt er að hugsa vel um fæturna og kaupa góða skó sem hæfa viðkomandi.

Of litlir skór geta aflagað fæturna.

**Verið velkomin í sundlaugarnar 16. maí, og fáið ráðleggingar varðandi fæturna.**

LAMISIL ONCE

# MAMMAN DRAP RÓMANTÍKINA

Gleðilegan mæðradag elskan,“ sagði hann og brosti lævísilega er við skáluðum með pappamálum merktum KFC. Krakkarnir festu sig í risavaxinni rennibrautinni og ég missti sósu á annað brjóstið og spáði í því hvort það tæki því að reyna þrífa hana. Svona er víst lífið orðið. Þegar við kynntumst þá héldum við upp á alla tyllidaga, stóra sem smáa. Það dugði ekkert minna en heill dagur í óvissuferð, kræsingar í hvert mál og litlar gjafir löðrandi í rómantík. Við höfðum allan heimsins tíma til að dúllast með ástsjúku hormónunum okkar.

Heimurinn var okkar eigin cronut og við gúffuðum lystisemdirnar í okkur. Ætli það mætti ekki segja að við vorum svona óþolandi krúttpar sem var alltaf að dúllast eitthvað fyrir hvort annað. Sumir jafnvel gengu það langt að kalla okkur fullkomið par. Ég læt slíkar athugasemdir liggja á milli hluta en við pössuðum upp á okkur, bæði sem einstaklinga og sem par. Við gáfum hvort öðru loforð um að vera parið sem gerir allt saman og mætir á alla viðburði sem fjölskylda. Svo kom barnið og svo börnin. Nýr raunveruleiki blasti við. Bóndadagur varð bara að köldum degi í janúar en ekki sólarhring af ástarjátningum.



Bóndadagur varð bara að köldum degi í janúar en ekki sólahring af ástarjátningum.

## Rómantíkin í dái

Ég játa að ég hef gersamlega misst allt rómantískt kúl eftir að ég varð mamma. Ég er gleymin, utan við mig, syfjuð, útbíuð í hori, með krónískt samviskubit og hár á undarlegum stöðum. Ég þarf að hafa gífurlega fyrir því að muna eftir því að kyssa kveðjukossinn á morgnana og gaman-að-sjá-þig-kossinum eftir langan vinnudag. Í árdaga sambandsins fórum við ekki að sofa öðruvísi en í knúsi eftir góðan sleik. Í dag hvíla tvö lítil börn á milli okkar og ég man eiginlega ekki hvenær við sofnuðum síðast í kúri. Hvað þá eftir nætursleik.

Hann fékk gjafabréf í rómantíska helgarferð með undirritaðri í jólagjöf frá börnunum sínum. Það breyttist úr slefandi rómans yfir rauðvíni og súkkulaði í organdi frekjukast í Target með popp á víð og dreif í bráðnuðum ís. Börnin trompa allt. Alltaf. Rómans verður undir krakkaknúsi. Ætli þessi lesning fari ekki að verða getnaðarvörn fyrir marga lesendur á þessum tímapunkti. Fyrir ykkur hin sem enn lesið hef ég eitt að segja, þetta er tímabil. Þetta líður hjá. Lífið er alls konar tímabil og ég veit að börnin munu ekki sofa uppí endalaust, þau verða sjálfstæðari og ég mun gefa ástinni meira svigrúm. Þangað til þá verður lágstemmdari rómans að duga.

**VILTU SPYRJA UM KYNLÍF?**

Ef þú hefur spurningu um kynlíf þá getur þú sent Siggu Dögg póst og spurningin þín gæti birst í Fréttablaðinu.
sigga@siggadogg.is




UVA
ULTRA
PRODERM
SUNSCREEN
MOUSSE
DURABLE
KIDS
30
HIGH SPF PROTECTION
VERY WATER RESISTANT
FOR SENSITIVE SKIN
NON GREASY/STICKY
FRAGRANCE FREE
ÖRUGG VÖRN
LANGVIRK SÓLARVÖRN
ÞRÓUÐ FYRIR VIÐKVÆMA HÚÐ
Langvirk, vatnsheld vörn í sund, sjó og leik.
Ofnæmisprófuð með sérhæfðum sólarfilterum fyrir húð barna.
Börn elska mjúka froðuna sem auðveldar að bera á rétt magn.
Meðmæli húðlækna - Yfir 90% UVA vörn
Patentskráð uppfinning.
Proderm sólarvörn er án parabena og inniheldur engin ilmefni, litarefni eða nanóeindir.
www.celsus.is
Fæst í apótekum, Hagkaup, Nettó og Fríhöfninni.
UVA UVB



Signý segir stuðning maka síns og trú hans á teikningunum hafa verið ómetanlega og gert henni fært að vera þar sem hún er í dag.

# BÓHEM Í TÖFRALANDI SKRÍPÓI

**SIGNÝ KOLBEINSDÓTTIR er vöruhönnuður og hugmyndsmiðurinn á bak við töfraheim Tulipop. Ein fígúran birtist henni á fætur annarri er hún var í fæðingarorlofi heima með eldri strákinn sinn, Snorra, og þá varð ekki aftur snúið, litlir krúttlegir sveppakarlar og litríkir vinir hans fylgdu henni hvert fótmál og það eina sem komst að var að teikna.**



**Sigga Dögg**
blaðamaður
siggadogg@365.is

Signý hefur sterka nærveru og er auðvelt að hrífast af henni. Hún er ákveðin, kemur vel fyrir sig orði og er með einhvern tryllingslega taminn glampa í augunum þannig að erfitt er að lesa hvað kemur næst upp úr henni eða hvað hún er að hugsa. Hún var alin upp í München í Þýskalandi sem barn og kunni vel við formfestu Þjóðverjanna og stórborgarlífið. „Ég þurfti að standa á eigin fótum og vera sjálfstæð, þegar ég var bara átta ára. Þá tók ég lestina í skólann og reddaði mér bara á milli borgarhluta en var ekki í þessu endalausa skutli sem foreldrar í dag eru í,“ segir Signý, sem telur þessa byrjun hafa mótað sig bæði sem einstakling en einnig sem móður.

„Þegar við fluttum heim þegar ég var níu ára þó fór ég beint í Melaskóla en staldraði bara við þar í einn dag því ég var í áfalli yfir því hvernig börnin höguðu sér, þetta var eins og að vera í dýragarði, allir öskrandi og hlaupandi út um allt og engin virðing borin fyrir kennaranum,“ segir Signý undrandi og bætir við að slík hegðun hefði aldrei liðist í Þýskalandi. „Mér finnst mikilvægt að mín börn þekki annað og meira en bara litla landið okkar, ég vil að þau átti sig á því að samfélög séu alls konar og einnig staða fólks og þegar þú segir að þig „vanti“ nýja skó hvort það sé í raun og veru skortur eða bara af því við erum vön að fá allt sem við biðjum um,“ segir Signý sem leggur einnig ríka áherslu á sjálfstæði, nægjusemi og sjálfsbjargarviðleitni.

„Við búum í næstu götu við Hlemm og mér finnst að börn eigi að geta reddað sér og tekið strætó á æfingar og þangað sem þau þurfa að fara, þetta gerðu börn fyrir tíu árum,“ bætir Signý við og segir frumburðinn sinn, Snorra, vera einkar sjálfstæðan tíu ára dreng sem getur reddað sér með lykilinn sinn í vasanum.

## Sleikur á Kaffibarnum

Signý á tvö börn, Snorra og Svövu, sem er sex ára, með eiginmanninum, Heimi Snorrasyni sálfræðingi. „Við kynntumst á Kaffibarnum,“ segir Signý og ranghvolfir augunum og brosir út í annað. „Vinkona mín var búin að minnast á hann við mig og var alltaf eitthvað að reyna að ota honum að mér og svo loksins hittumst við á sveittum barnum en ég var samt ekkert viss um að hann væri eitthvað fyrir mig,“ segir Signý, sem hreifst af þessum myndarlega manni en var þó ekki að leita sér að sambandi. „Heimir hafði reglulega samband við mig en ég gaf lítið út á þetta, hann var eiginlega of mikill gæi á djamminu sem vissi vel af sér og ég nennti ekki að standa í svoleiðis gaur, einhverjum djammgaur,“ segir Signý og hlær.

Það var svo ekki fyrr en Heimir sneri blaðinu við eftir veikindi, lagði flöskuna frá sér og mætti prúðbúinn á barinn sem Signý starfaði á. „Hann var bara allt í einu mættur þarna, ótrúlega myndarlegur og flottur strákur og þá var komið að mér að pota aðeins í hann og loksins segja já við að fara með honum á stefnumót,“ segir Signý brosandi eftir tímaflakkið aftur til upphafsins þeirra.

## Bónorð í sms-i

Fyrir tíma formfestu hjónabands flakkaði Signý reglulega til Ítalíu eftir að hafa verið þar au-pair um tíma. Tungumál liggja vel fyrir henni og talar hún bæði þýsku og ítölsku. „Mér finnst Ítalía yndislegt land og ég hefði vel geta endað þar og hefði örugglega gert það ef ég hefði ekki kynnst Heimi í millitíðinni en það var hann sem togaði mig heim,“ segir Signý sem játaðist Heimi í smáskilaboðum. „Þegar ég var í skiptinámi í Mílanó í vöruhönnuninni þá fékk ég sms frá Heimi sem í stóð „Viltu giftast mér? ekki djók“, og að sjálfsögðu svaraði ég um hæl „Já, ekki djók“ og þar með var það komið,“ segir Signý glöð.

Heimir og Signý bjuggu um tíma í Kaupmannahöfn og segir Signý farir sínar ekki sléttar af kynnum sínum við frændur okkar Dani: „Þeir eru alltaf að öskra eitthvað á mann, maður er alltaf fyrir þeim og svo hjólar maður aldrei rétt og svo þykjast þeir bara aldrei skilja mann þegar maður reynir að bera eitthvað fram á þessu blessaða tungumáli þeirra.“

Þegar Signý komst að því að hún var ófrísk þá fluttu þau hjónin heim til Íslands og segist Signý hafa fengið sig fullsadda á pirruðum Dönum. Þó leiðin hafi legið aftur heim á þeim tímapunkti þá leitar hugurinn enn á erlenda grund.

Signý segir margt spennandi vera á prjónunum hjá fjölskyldunni: „Við stefnum á að fara í mikla reisu um Asíu í haust þar sem ég vil sýna börnunum fjölbreytta menningu og stefnum við á að byrja í Japan, fara svo yfir til Taílands og kannski til Nepals eftir því hvernig aðstæðurnar verða þar og svo Jerúsalem eða Teheran.“ Þetta er ekki hið týpíska sólarlandafrí staðlaðrar fjölskyldu enda lifa þau hjón ögn utan rammans. „Við erum kannski smá miðbæjarbóhemar í okkur og vorum lengi vel án sjónvarps og bíllaus,“ segir Signý sem kallar nú póstnúmerið 105 sitt eigið eftir að hafa flutt hinum megin við Snorrabrautina.

„Ég skrifa enn stundum 101, eins og það svíði smá að vera komin í 105 en við kunnum vel við okkur hér, það er meiri iðnaðarstemning hér og Austurbærinn er hverfið sem borgin gleymdi,“ segir Signý sem er með útsýni yfir garð sem stundum geymir sprautunálar.




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

MYNDAALBÚMIÐ

Hér má sjá fjölskylduna samankomna á skíðum, Signýju og Svövu og Signýju í vinnuferð með Helgu í Tulipop.





# KARLA

„Hann var eiginlega of mikill gæi á djamminu sem vissi vel af sér og ég nennti ekki að standa í svoleiðis gaur, einhverjum djammgaur“

## Enn að teikna skrípókalla?

Töfraheimur Tulipop birtist Signýju í fæðingarorlofi með eldra barnið og hún vissi að þarna var eitthvað sérstakt á ferðinni. „Ég hafði unnið á nokkrum auglýsingastofum sem teiknari og svo seinna sjálfstætt en mig langaði svo að gera eitthvað sem var alveg mitt og þessar litlu fígúrur voru alltaf hjá mér og svo kom bara sá tími að nú þurfti ég að fara teikna og hef svo ekki stoppað,“ segir Signý, sem segist ekki hafa getað þetta án stuðnings frá Heimi. „Ég var tekjulaus fyrst um sinn, það tók tíma að skapa verðmæti úr þessum elskulegu litlu köllum og á meðan vann Heimir fyrir okkur,“ segir Signý sem þakkar heillastjörnum fyrir að Helga, meðeigandi og æskuvinkona úr MR, hafði trú á henni og töfrunum sem fylgdu feitum svepp og vinum hans. Tulipop er ört vaxandi fyrirtæki á heimsvísu en Signý segir það vera misjafnt eftir löndum hvernig vörurnar séu metnar. „Bretar líta á þetta sem leikföng barna en Bandaríkjamenn líta á þetta sem töff stofustáss sem hægt er að safna og kaupa sér gjarnan diskana sem stell bæði fyrir sig og börnin,“ segir Signý sem segir okkur Íslendinga fylgja gjarnan Bretum í þeim málum. „Ég vildi skapa eitthvað sem er fallegt inn á heimilið, bæði fyrir börn og foreldra, og það finnst mér ég sjá í verunum í Tulipop,“ segir Signý sem ætlar sér stóra hluti með litla kalla og er það nokkuð ljóst að henni tekst flest sem hún tekur sér fyrir hendur.





Skráning er hafin í síma 581 3730

JAZZBALLETT FYRIR 6-7 ÁRA, 8-9 ÁRA OG 10-12 ÁRA
JAZZ- OG NÚTÍMADANS FYRIR 13-15 ÁRA

**Nánari upplýsingar á www.jsb.is**



Dans- og leikjanámskeið fyrir 3-5 ára
Dans-, leik- og sköpunargleði í fyrirrúmi
Tilvalið námskeið til kynningar á dansnámi í forskóla JSB

**Nám og kennsla**
Danslistarskóli JSB er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem listdansskóli á grunn- og framhaldsskólastigi.
Nánari upplýsingar um nám við skólann er að finna á www.jsb.is undir Danslistarskóli JSB.

**Kennslustaður:**
● *Danslistarskóli JSB í Reykjavík, Lágmúla 9 og Laugardalshöll.*

**Kennsla hefst 26. maí, vertu með!**
Rafræn skráning á jsb.is, nánari upplýsingar í síma 581 3730

Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar

**Viltu gerast vinur JSB?**
Danslistarskóli JSB er á facebook

JSB DANSLISTARSKÓLI

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# LAXASTEIK OG LAXABORGARI MEÐ FRÖNSKUM SÆTKARTÖFLUM

**Eva Laufey bauð upp á lax á tvo vegu í þættinum Matargleði á Stöð 2 í gærkvöldi og ættu þessir réttir að henta vel þegar sest er að snæðingi í sólinni. Lax er hollur og góður fiskur sem passar vel hvort heldur sem er á grillið eða beint á pönnuna.**




## Laxaborgari með dillsósu og franskar sætkartöflur

**350 g ferskur lax, beinhreinsaður**
**1 egg**
**2 msk. sojasósa**
**1 tsk. rifið engifer**
**1 rautt chili**
**2-3 dl brauðrasp**
**Salt og nýmalaður pipar**
**150 g sesamfræ til að hjúpa með**

1 Saxið laxinn niður með hníf og setjið í skál.

2 Blandið hinum hráefnunum saman við og mótið í fjóra laxaborgara.

3 Veltið borgurunum upp úr sesamfræjum og steikið við miðlungshita í um það bil 2-3 mínútur á hvorri hlið.

### Dillsósa

**Hnefafylli dill, saxað**
**Börkur og safi úr einni límónu**
**2 dl majónes**
**salt og svartur pipar**

Maukið saman í matvinnsluvél eða með skeið.

### Franskar sætkartöflur

Sætar kartöflur eru ansi bragðgóðar. Þær passa við hvaða máltíð sem er, þær innihalda minni sykur en venjulegar kartöflur og eru stútfullar af C-vítamíni og trefjum. Mér finnst gott að sjóða þær, steikja þær, grilla þær og baka þær í ofni eins og ég ætla að gera núna.

Sætar kartöflur skornar í aflangar sneiðar eins og franskar kartöflur. Þeim er svo velt upp úr ólífuolíu, maldonsalti, grófum pipar og góðri kryddjurtablöndu, til dæmis Best á allt frá Pottagöldrum. Kartöflurnar bakaðar við 220 gráður í um 30 mínútur.


Laxaborgari er góð og holl tilbreyting frá hefðbundnum hamborgara og sætar kartöflur eru hollari útgáfa af frönskum kartöflum.





Hnetuhjúpurinn fer vel saman við mjúka áferð laxins.

## Ofnbakaður lax í hnetuhjúpi

„Hollur og góður kostur t.d. í matarboð eða bara hversdags. Berið gjarnan fram með bökuðum kartöflum og jógúrtdressingu.“

**1 laxaflak**
**gróft sjávarsalt**
**nýmalaður svartur pipar**
**hunangs-dijonsinnep**

### Hnetuhjúpur

**100 g hnetur, t.d. hesli- og pekanhnetur**
**4 msk. brauðrasp**
**steinselja**
**börkur af einni sítrónu**
**1 msk. olía**
**2 hvítlauksrif, fínt rifin**
**sjávarsalt**

1 Hitið ofninn í 180°C.

2 Snyrtið laxaflakið og setjið í eldfast mót eða á pappírsklædda bökunarplötu.

3 Kryddið laxinn til með salti og pipar og penslið sinnepinu yfir hann. Dreifið hnetuhjúpnum yfir og þjappið honum vel ofan í sinnepið með höndunum, þannig að hann haldist vel á. Bakið í 15 mínútur. Takið þá laxinn út úr ofninum og látið hann standa í 5 mínútur áður en þið berið hann fram en þannig eldast hann aðeins lengur.

### Jógúrtdressing

**2 dl grískt jógúrt**
**1 hvítlauksgeiri**
**1 msk. hunangs-dijonsinnep**
**smátt söxuð steinselja**
**salt og pipar**

Blandið öllu saman og bragðbætið með salti og pipar.

# Full búð af nýjum vörum

# 20-50%

## afsláttur af öllum vörum

**Mussa**
Verð áður 12.900 kr.-
**Nú aðeins 9.900 kr.-**

**Kjóll**
Verð áður 12.900 kr.-
**Nú aðeins 9.900 kr.-**



**Tunika**
*Litir:*
*svart - offwhite - coral*
*stærðir 38 - 48*
Verð áður 12.900 kr.-
**Nú aðeins 5.990 kr.-**
ATH. Nú einnig til í XXL





**Kvartbuxur**
*stærð 10-20*
*svartar - hvítar*
Verð áður 12.900 kr.-
**Nú aðeins 9.900 kr.-**



**Tunika**
*stærðir 10 - 22*
Verð áður 12.900 kr.-
**Nú aðeins 9.990 kr.-**

COSMO
Kringlunni

„Hér sýni ég eina útfærslu af skemmtilegri sumarförðun sem er líka mjög einföld í gerð en ég notaði aðeins tvo liti til þess að framkvæma hana.“

„Ég hef oft heyrt þann misskilning að smokey þurfi alltaf að vera mjög dökkt eða jafnvel bara svart. Ég nota til að mynda aldrei svarta augnskugga í minni förðun.“



Tanja Ýr Ástþórsdóttir sendi frá sér nýja augnháralínu í vikunni en hér sýnir hún fullkomna sumarförðun að hætti Sigurlaugar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# FÖRÐUNAR-STJARNA Á LEIÐ TIL LANDSINS

**Sigurlaug Dröfn Bjarnadóttir, annar eigandi Reykjavík Makeup School, er þekkt fyrir fallega förðun og nýlega sótti hún námskeið hjá frægum föðrunarfræðingi í glamúrförðun, Karen Sarahi.**



**Friðrika Hjördís Geirsdóttir**
umsjónarkona Lífsins | rikka@365.is

Sigurlaug Dröfn Bjarnadóttir, annar eigandi Reykjavík Makeup School, er nýkomin heim frá Los Angeles þar sem hún sótti meðal annars námskeið í svokallaðri fegurðarförðun hjá einum skærasta förðunarfræðingi heims, Karen Sarahi. „Ég lærði svakalega mikið af henni bæði um nýja tækni sem hún notar og kynntist nýjum vörum. Karen er einna helst þekkt fyrir að gera flottar „glamour“ farðanir en er mjög fær á öðrum sviðum og gerir til að mynda flottustu „smokey“ förðun sem ég hef augum litið,“ segir Sigurlaug. Þær Sigurlaug náðu vel saman og út frá fundi þeirra kom upp sú hugmynd að Karen kæmi til Íslands og héldi námskeið í förðunarskólanum. „Það er mikill heiður að fá hana hingað til lands og við Sara, meðeigandi minn, erum virkilega stoltar af að fá hana til okkar.“ Námskeiðið verður haldið þann 15. september næstkomandi og er þetta fyrsta námskeiðið sem Karen heldur í Evrópu. „Það er nú þegar mikil aðsókn á námskeiðið enda Karen stórt númer í förðunarheiminum. Við höfum sett af stað forsölu á miðum fyrir núverandi og fyrrverandi nemendur okkar og munum svo opna fyrir almenna skráningu von bráðar,“ segir Sigurlaug.

## Koparliturinn allsráðandi

Við á Lífinu fengum Sigurlaugu til að sýna okkur heitustu sumarförðunina í ár en hún segir hana létta og að koparliturinn slái allt annað út um þessar mundir.

„Hér sýni ég eina útfærslu af skemmtilegri sumarförðun sem er líka mjög einföld í gerð en ég notaði aðeins tvo liti til þess að framkvæma hana en það eru litirnir Spirit frá Make Up Store og Coppering frá MAC. Útkoman varð svona mjúk, kopartónuð smokey-förðun en hana er hægt að gera með allskyns litum. Ég hef oft heyrt þann misskilning að smokey þurfi alltaf að vera mjög dökkt eða jafnvel bara svart. Ég nota til að mynda aldrei svarta augnskugga í minni förðun,“ segir Sigurlaug. Á húðina notaði Sigurlaug farða frá NARS sem heitir All Day Luminous weightless foundation, en hann hylur mjög vel samhliða því að vera léttur. „Því miður fæst þessi farði ekki á Íslandi en í hans stað mætti til dæmis nota Studio Fix Fluid frá MAC. Yfir meikið notaði ég svo La Mer Translucent púður yfir allt andlitið en þetta er púður sem verður glært á húðinni en skilur eftir sig smá glans sem sést þó aðallega þegar tekin er mynd, rosalega fallegt,“ segir Sigurlaug.

Undir augun notaði hún svo Pro Longwear-hyljara frá MAC sem og Reflex Cover higlight hyljara frá Make up Store. „Sá síðarnefndi er algjörlega ómissandi fyrir mig en hann nota ég bæði á sjálfa mig og aðra. Hyljarinn er með skelplötugljáa sem birtir upp svæðið undir augunum án þess að mynda hvítan hring.“ Á kinnarnar notaði Sigurlaug sinn eftirlætiskinnalit, Coral Lace frá Make Up Store, og á varirnar Catty frá MAC og Sandstorm-varalitablýant frá Make Up Store en sá er ljós highlight-litur. „Á augabrúnirnar notaði ég dipbrow frá Anastasia Beverly Hills í litnum chocolate og svo toppaði ég útlitið með því að nota flott augnhár frá Tanja lashes af tegundinni Greece en þess má geta að augnháralína Tönju Ýrar Ástþórsdóttur kom markað núna í vikunni,“ segir Sigurlaug að lokum.



Sigurlaug og Karen náðu mjög vel saman og var Sigurlaug alveg heilluð af henni.



hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 | Sími 581 2141 | www.hjahrafnhildi.is

# LAGER SALAN

# 40-80%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

habitat

TEKK COMPANY

## Gerðu kjarakaup á húsgögnum frá Tekk Company og Habitat

**OPIÐ**
**FÖSTUDAG KL. 13-18**
**LAUGARDAG KL. 11-18**
**SUNNUDAG KL. 13-18**

LAGERSALAN
KAUPTÚNI 3 - GARÐABÆ
– VIÐ HLIÐINA Á
TEKK COMPANY OG HABITAT
SÍMI 861 7541

## Instagram



### Fegurðarförðun

**https://instagram.com/iluvsarahii/**

Karen Sarahi Gonzalez er einn fremsti förðunarfræðingur heimsins í dag og sérhæfir sig í svokallaðri fegurðarförðun. Þess má geta að hún er á leiðinni til Íslands og ætlar hér að halda námskeið í samvinnu við Reykjavík Makeup School.

## facebook



### Biblía tískuspekúlanta

**https://www.facebook.com/FashionistaOfficial**

Fashionista fjallar um persónuleika, fyrirtæki og trend sem móta tískuheiminn. Ef þú hefur gaman af því að vita hvert tískan stefnir og vilt rækta tískumeðvitund þá er um að gera að líka við þessa síðu svo ekkert fari fram hjá þér.

## SMÁFORRIT



### BubbleFREE

Hver kannast ekki við gleðina sem felst í því að sprengja kúluplast utan af brothættum hlut? Nú er þessi gleði komin í rafrænt form svo að aldrei klárast kúlurnar. Þú getur því dundað þér mínútunum saman við að sprengja og það ókeypis. Smáforritið er aðgengilegt fyrir flesta farsíma..

# HEIMASÍÐAN SJÓÐANDI STJÖRNUSLÚÐUR

### Dægurmál frá a-ö

**http://www.popsugar.com**

Ef þú hefur gaman af því taka þér stutt hlé frá krefjandi verkefnum vinnunnar þá er þetta vefsíðan fyrir þig. Hér má finna allt það heitasta úr slúðurmyllu Hollywood auk uppskrifta að girnilegum kræsingum og hvað sé móðins í mublum, móðurhlutverkinu og munaði.










# KEYPT & SELT

## Til sölu




**ÚTSALA ÚTSALA !**
20-50% afsl. af öllum vörum verslunarinnar Ditto og Yogasmiðjunnar. Opið frá kl.14 þri 12.mai mið13 mai og föst 15 mai www.yogasmidjan.is Smiðjuvegur 4 (græn gata) Kópavogur

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

**NOTAÐ UPPÍ NÝTT!**
Við tökum allar tölvur uppí nýja, mættu á staðinn og fáðu verðmat strax!.
Tölvuvirkni, Holtasmára 1, Sími 555-6250

# HEILSA

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S.698 8301 www.tantra-temple.com

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**VEIÐILEYFI TIL SÖLU Í**
Staðará á Snæfellsnesi fyrir landi Traða og í vatnasvæði Lýsu (veiðihús) Lax og sjóbirtingur. S. 893 4515 og tradir.net

# HÚSNÆÐI

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU Á AÐEINS 950 KR FM!**
Kistumelar 16, 116 Reykjavík 165 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.
**Uppl. veitir Hafsteinn í s. 690-3031**

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU OG SÖLU**
Ný 50 m2 bil í Steinhellu 14. Mikil lofthæð. Góðir gluggar og hurðir. Fyrir frístundir eða lítinn rekstur. S: 661-6800 og 564-6500

**SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS**
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

**STARFSMAÐUR ÓSKAST Á SMURSTÖÐ OG HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI.**
Bílkó óskar eftir vönum mönnum eða með reynslu sem nýtist í starfi á smurstöð og dekkjaverkstæði. Framtíðarstarf í boði.
**Áhugasamir hafi samband við Guðna í s. 618 0560**

SÓLAR

Óskum eftir öflugum og jákvæðum sölumanni í 100% starf. Um er að ræða sölu á sértækum verkefnum eins og gluggaþvotti og stéttaþrifum hjá fyrirtækjum. Grunnlaun plús sölubónusar. Þarf að geta byrjað sem fyrst. Umsóknir berist til Sigríðar, sölustjóra Sólar ehf: sigridur@solarehf.is

Olíudreifing

**STÝRIMAÐUR LAUGARNES**
Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða stýrimann í sumarafleysingar á olíuskipið Laugarnes. Almennt gildir að siglt er í tvær vikur og frí í tvær vikur.

Umsækjendur þurfa að hafa STCW II/3 réttindi.

Helstu verkefni Laugarnes er olíuafgreiðsla til skipa á Faxaflóasvæðinu og birgðaflutningur frá Reykjavík.
**Umsóknir sendist á odr@odr.is .**
**Nánari upplýsingar veitir: Auðunn Birgisson í síma 550-9928.**

**VEISLAN**
Zatrudnie kobiete od zaraz do parcy- od 50% do 100% Praca przy kanapkach,zmywak.

Cv. prosze wysylac na maila: andrea@veislan.is

**VEISLAN**
Veislan óskar eftir konum í smurbrauð. Veislan óskar eftir konum í smurbrauð.
50 % framtíðarstarf og einnig 100% sumarstarf.
**umsókn sendist á andrea@veislan.is**

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir duglegu starfsfólki í sumarvinnu, æskilegt er að viðkomandi sé með bílpróf. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

## tilkynningar

# Tillögur að breyttu deiliskipulagi í Kópavogi

### Kríunes við Elliðavatn
Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að breyttu deiliskipulagi fyrir Kríunes við Elliðavatn. Í tillögunni felst að:
- Byggð verður 200m2 viðbygging í suðausturhorni lóðar fyrir stækkun á eldhúsi og móttöku.
- Á austurhluta lóðar verður byggt 800 m2 viðbygging, að mestu niðurgrafin, fyrir gistirými. Þak viðbyggingarinnar verður 1,1m fyrir ofan gólfflöt núverandi aðalbyggingar.
- Á norðausturhorni lóðarinnar verður reist 80m2 viðbygging fyrir móttöku.
- Á vesturhluta lóðar verður reist 50m2 geymsla á einni hæð
- og bílastæði á norðvesturhorni lóðar verða lagfærð.

Við breytinguna fjölgar herbergjum á hótelinu um 16, heildarbyggingarmagn er áætlað um 2970m2 sem er aukning um 1650m2 og nýtingarhlutfall því 0,18 sbr. uppdrættir dags. 13.3.2015. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Smalaholt. Leiksvæði.
Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að breyttu deiliskipulagi í Smalaholti. Í breytingunni felst að leiksvæði sem í gildandi deiliskipulagi er staðsett á milli Örvasala 28 og Öldusala 8 færist og verður í skóglendi sunnan Örvasala 4 og vestan Örvasala 6 með aðkomu um göngustíg frá Örvasölum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Rjúpnahæð – vestur- og austurhluti. Opin svæði, stígar og sparkvöllur.
Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að breyttu deiliskipulagi í Rjúpnahæð, vestur- og austurhluta. Í breytingunni felst að fyrirhugaður sparkvöllur, sem í gildandi deiliskipulagi er staðsettur norðan Austurkórs 88 og 90 og vestan Austurkórs 76, 78 og 80-82, er færður austar í Rjúpnahæðinni og verður í opnu svæði milli Austurkórs 2, 10, 12 og 46 og Auðnukórs 1-9. Lega stíga og göngustíga á svæðinu breytist jafnframt. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Miðbær Kópavogs. Vesturhluti. Borgarholt. Bílastæði og aðkoma.
Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að breyttu deiliskipulagi miðbæjar Kópavogs, vesturhluti. Í breytingunni felst að núverandi bílastæði austan Borgarholts, við Listasafn Kópavogs og Kópavogskirkju, tengjast Borgarholtsbraut þannig að hægt verður að aka bæði inn og út á Borgarholtsbraut af bílastæðinu (hægri beygjur). Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Ofangreindar tillögur verða til sýnis á skipulags- og byggingardeild Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00, frá og með 18. maí 2015. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs, Fannborg 6, 200 Kópavogi eða á skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 fimmtudaginn 2. júlí 2015.

Kópavogsbær
kopavogur.is

# AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á breytingum eftirfarandi deiliskipulagsáætlana í samræmi við 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

1. **Kirkjubrú (Kirkjubrekka og Tjarnarbrekka) á Álftanesi, breyting á deiliskipulagi**
Tillagan gerir ráð fyrir því að gatnamót Brekkulands og Tjarnarbrekku breytast til aðlögunar að tillögu að deiliskipulagi Kirkjubrúar 1.

2. **Brekka á Álftanesi, breyting á deiliskipulagi**
Tillgan gerir ráð fyrir breyttum gatnamótum Brekkulands og Tjarnarbrekku og að stærð og lögun lóðar nr. 15 við Tjarnarbrekku breytist. Breytingin er aðlögun að tillögu að deiliskipulagi Kirkjubrúar 1.

3. **Sjálandsskóli, breyting á deiliskipulagi Ása og Grunda**
Tillagan gerir ráð fyrir því að skólalóð stækki sem nemur íbúðarhúslóðinni að Ránargrund 3. Við Löngulínu gerir tilllagan ráð fyrir breytingu á aðkomu bifreiða.

4. **Ránargrund 2-4, veitingahúslóð, breyting á deiliskipulagi Ása og Grunda**
Tillagan gerir ráð fyrir því að veitingahúslóðin stækki og að 48 bílastæði verði innan lóðar. Hámarksstærð veitingahússins verður 500 m² í stað 300 m² og hámarkshæð útveggja verður 5,5 m í stað 3,5 m. Ný aðkoma verður frá hringtorgi hjá Unnargrund/Sjávargrund.

5. **Unnargrund 2, breyting á deiliskipulagi Ása og Grunda**
Lóðirnar Unnargrund 2-10 verða sameinaðar í eina lóð Unnargrund 2 og lóðarmörk breytast þannig að bílastæði framan við húsin verða innan lóðar. Á lóðinni verði heimilt að byggja hús með 6-7 íbúðum í stað 5 ætluðum hreyfihömluðum ásamt aðstöðu fyrir starfsfólk.

6. **Breiðakur 2-16, breyting á deiliskipulagi Akra**
Tillagan gerir ráð fyrir því að á lóðunum 2-16 komi 2 fjölbýlishús með 16 íbúðum í stað 8 raðhúsa í tveimur samstæðum. Byggingarmagn og hæð húsa breytist ekki.

7. **Holtsvegur 27, breyting á deiliskipulagi Vesturhluta Urriðaholts**
Tillagan gerir ráð fyrir því að hámarksfjöldi íbúða hækki úr 9 í 10.

8. **Holtsvegur 41-43, breyting á deiliskipulagi Vesturhluta Urriðaholts**
Tillagan gerir ráð fyrir því að hámarksfjöldi íbúða á hvorri lóð hækki úr 9 í 10.

Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 15. maí 2015 til og með 26. júní 2015. Þær eru einnig aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 26. júní 2015.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**skipulagsstjóri Garðabæjar**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## Veðurspá

### Föstudagur

Hvessir heldur og bætir í rigningu í dag, einkum þó suðaustan til. Áfram milt veður og gæti hiti náð 13 stigum á Norðurlandi.






## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** endafjöl, **6.** ógrynni, **8.** orlof, **9.** hamfletta, **11.** hljóm, **12.** móðins, **14.** splæs, **16.** Átt, **17.** spor, **18.** tré, **20.** holskrúfa, **21.** flóki.

**LÓÐRÉTT**
**1.** gas, **3.** frá, **4.** svölunar, **5.** festing, **7.** kvarnast, **10.** kærleikur, **13.** kóf, **15.** botnfall, **16.** á nefi, **19.** fyrir hönd.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gafl, **6.** of, **8.** frí, **9.** flá, **11.** óm, **12.** tísku, **14.** stang, **16.** na, **17.** far, **18.** ösp, **20.** ró, **21.** stýr.
**LÓÐRÉTT: 1.** loft, **3.** af, **4.** fróunar, **5.** lím, **7.** flísast, **10.** ást, **13.** kaf, **15.** gróm, **16.** nös, **19.** pr.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Héðinn Steingrímsson (2532) hafði hvítt gegn Braga Þorfinnssyni (2416) í fyrstu umferð Íslandsmótsins í skák í gær.**



**Hvítur á leik**
**13. Rg1!** (13. c5! leiðir til sömu niðurstöðu) **13...Dd7 14. c5!** (Með tvöfaldri hótun 15. c6 og Bb5) **14... Dd8 15. c5 Rc5 16. bxc5** og hvítur vann nokkru síðar. Jóhann Hjartarson og Hjörvar Steinn Grétarsson unnu líka sínar skákir.
**www.skak.is** Önnur umferð kl. 17 í Hörpu.






## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 1 | 8 | 9 | | 4 | | |
| 2 | | | 3 | | | 6 | 8 | |
| | 4 | 9 | | | | | | |
| 1 | 2 | | 7 | 8 | 5 | | | |
| 5 | 3 | | 1 | | | 7 | | |
| | 8 | | | 4 | | | | |
| 4 | | | | | | 8 | 7 | 1 |
| | | 3 | | | | 9 | 6 | 4 |
| | | | | 7 | | | 3 | 5 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | 2 | | | | | 7 | 9 |
| 6 | | | | | 2 | 5 | | |
| | | | | 7 | | | 4 | |
| 7 | | | 8 | | | | 2 | 6 |
| 9 | 8 | | | 5 | | | | |
| | | 4 | | 1 | 9 | | | 7 |
| | 4 | | 7 | 3 | 5 | 2 | | |
| | | 8 | 9 | 2 | | | | |
| | | | | | 6 | 3 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | 8 | | | | | 7 |
| | | | | 3 | 1 | 8 | 2 | |
| | | | | 6 | | | 4 | 5 |
| 9 | | 6 | 1 | | 2 | | | 8 |
| | | | | | | | 7 | 9 |
| | | | | 7 | | | 6 | |
| | 8 | | | | | | | |
| | 9 | | | 4 | 6 | 7 | | |
| | | 1 | | 9 | | | | 4 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 2 | 8 | 6 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 4 | 1 | 3 | 5 | 2 | 7 | 8 | 6 | 9 |
| 5 | 8 | 6 | 9 | 1 | 4 | 2 | 3 | 7 |
| 6 | 2 | 8 | 4 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 7 | 4 | 1 | 3 | 2 | 5 | 8 | 6 |
| 1 | 3 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 4 | 2 |
| 8 | 4 | 7 | 2 | 9 | 6 | 1 | 5 | 3 |
| 2 | 6 | 1 | 3 | 4 | 5 | 7 | 9 | 8 |
| 3 | 5 | 9 | 7 | 8 | 1 | 6 | 2 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 1 | 2 | 9 | 6 | 5 | 4 | 7 |
| 5 | 4 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 | 9 | 8 |
| 7 | 6 | 9 | 8 | 4 | 5 | 1 | 2 | 3 |
| 9 | 2 | 7 | 1 | 6 | 4 | 8 | 3 | 5 |
| 4 | 1 | 5 | 3 | 8 | 7 | 9 | 6 | 2 |
| 3 | 8 | 6 | 9 | 5 | 2 | 4 | 7 | 1 |
| 1 | 5 | 3 | 4 | 2 | 9 | 7 | 8 | 6 |
| 2 | 9 | 8 | 6 | 7 | 1 | 3 | 5 | 4 |
| 6 | 7 | 4 | 5 | 3 | 8 | 2 | 1 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 3 | 5 | 1 | 4 | 8 | 2 | 6 |
| 4 | 5 | 6 | 3 | 2 | 8 | 7 | 9 | 1 |
| 8 | 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 3 | 4 | 5 |
| 1 | 6 | 5 | 7 | 8 | 2 | 4 | 3 | 9 |
| 7 | 8 | 4 | 9 | 5 | 3 | 1 | 6 | 2 |
| 2 | 3 | 9 | 1 | 4 | 6 | 5 | 7 | 8 |
| 3 | 2 | 1 | 4 | 6 | 5 | 9 | 8 | 7 |
| 5 | 4 | 8 | 2 | 9 | 7 | 6 | 1 | 3 |
| 6 | 9 | 7 | 8 | 3 | 1 | 2 | 5 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.
Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# VERKFÆRADAGAR

Mikið úrval af verkfærum á **20–50%** afslætti. Komdu við í Rafvörumarkaðinum við Fellsmúla og gerðu betri kaup.

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. **kl. 9–18**
Laugard. **kl. 10–16**
Sunnud. **kl. 12–16**

-50%
~~Áður: kr. 3.995~~
**1.997 kr.**
**HLEÐSLUSKRÚFJÁRN**

-50%
~~Áður: kr. 3.590~~
**1.795 kr.**
**GIPS SKRÚFVÉL, 450W**

-30%
~~Áður: kr. 3.995~~
**2.796 kr.**
**HLEÐSLUBORVÉL, 12V**

-30%
~~Áður: kr. 8.995~~
**6.296 kr.**
**BELTASLÍPIVÉL, 900W**

-20%
~~Áður: kr. 5.995~~
**4.796 kr.**
**HLEÐSLUSKRÚFJÁRN, 3,6V**

-30%
~~Áður: kr. 4.995~~
**3.496 kr.**
**BORVÉL, 500W**

-30%
~~Áður: kr. 2.995~~
**2.096 kr.**
**HORNJUÐARI, 180W**
Juðari, 135W, **kr. 2.716.** ~~Áður: kr. 3.995~~
Juðari, 150W, **kr. 3.996.** ~~Áður: kr. 4.995~~

-20%
~~Áður: kr. 5.995~~
**4.796 kr.**
**STINGSÖG**

-20%
~~Áður: kr. 6.495~~
**5.196 kr.**
**SLÍPIROKKUR, 580W**

-30%
~~Áður: kr. 26.900~~
**18.830 kr.**
**BÚTSÖG, 2100W**

-20%
~~Áður: kr. 1.775~~
**1.420 kr.**
**LÍMBYSSA, 7 MM**
Límbyssa, 11 mm, **kr. 1.580.** ~~Áður: kr. 1.975~~

-20%
~~Áður: kr. 7.995~~
**6.396 kr.**
**HEFTIBYSSA**

-20%
~~Áður: kr. 9.995~~
**7.996 kr.**
**VATNSDÆLA, 400W**

-20%
~~Áður: kr. 8.995~~
**7.196 kr.**
**FLÍSASÖG**

-20%
~~Áður: kr. 6.995~~
**5.596 kr.**
**BÓNVÉL**

-30%
~~Áður: kr. 9.995~~
**6.996 kr.**
**HÖGGBOR/BROTVÉL, 620W**

Afslátturinn gildir til 31. maí 2015 eða á meðan birgðir endast.

RAFMAGNSVÖRUR
Á **LÆGRA** VERÐI

**RAFVÖRUMARKAÐURINN**

Líkaðu við okkur á Facebook

Rafvörumarkaðurinn við Fellsmúla | 108 Reykjavík | Sími: 585 2888








# FERSKASTI NAMMIBARINN

Ný uppskera frá Spáni



399 kr/pk

Piccolo tómatar

ávöxtur mánaðarins



Galía melónur



799 kr/pk

Jarðarber



1.598 kr/pk

Bláber 500 gr




HiPP býður upp á fjölbreytt úrval af lífrænum, bragðgóðum og heilnæmum barnamat fyrir börn á öllum stigum aðlögunar að fastri fæðu. Allar HiPP vörurnar eru greinilega auðkenndar með aldri, til að auðvelda þér að velja bestu vörurnar fyrir barnið þitt.




Nestlé hefur framleitt næringarríkan barnamat síðan 1867. Maturinn sem við búum til fyrir börn á ekki bara að bragðast vel heldur á hann að gefa litlum börnum allt sem þau þarfnast til að fá gott veganesti út í lífið. Þess vegna notum við sérvalið ferskt hráefni og leggjum ríka áherslu á öryggismál við framleiðslu matarins.

Ella's kitchen

Ella's Kitchen barnamatur er eingöngu unninn úr lífrænum innihaldsefnum og inniheldur engin aukefni, s.s. sykur, salt eða rotvarnarefni. Ella's Kitchen leggur auk þess áherslu á að vera umhverfisvæn og gefa til baka til samfélagsins.



Gildir til 17. maí á meðan birgðir endast.

Semper

Semper hefur yfir 80 ára reynslu af framleiðslu á barnamat.
Í boði er breytt vöruúrval af mat sem uppfyllir næringaþörf ungra barna.
Maturinn er framleiddur undir ströngum gæða- og öryggisstöðlum.





# FJÖRULAMB

SS kynnir Fjörulamb, frábæra nýja vörulínu úr lambakjöti, sem er án allra aukefna. Kjötið er lagt í kryddlög sem er bragðbættur með sjávarsöltum sem gefur einstakt og náttúrulegt og ljúffengt bragð.

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

**FJÖRULAMB LAMBALÆRI**
1.934 kr/kg
verð áður 2.579



TILBOÐ 20% afsláttur á kassa

**LAMBAFILE GRAND ORANGE**
4.564 kr/kg
verð áður 5.705

*Þessar einu sönnu frá Englandi*



**MELTON MOBRAY PORK PIES**
1.299 kr/stk

ÍSFUGL

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa



**KALKÚNALUNDIR M/ SESAM TERIYAKI**
2.489 kr/kg
verð áður 3.319

ÍSLANDS LAMB



TILBOÐ 15% afsláttur á kassa

**LAMBAKÓTILETTUR KRYDDLEGNAR**
2.549 kr/kg
verð áður 2.999

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa



**GRÍSAKÓTILETTUR MARINERAÐAR**
1.329 kr/kg
verð áður 1.899

## VELFERÐARKJÚKLINGUR



HEILL KJÚKLINGUR
BRINGUR • LUNDIR
LEGGIR • LÆRI • VÆNGIR

Fyrst á Íslandi - Beint frá bónda
Engin aukefni - Meiri rými - Útisvæði - Ferskt loft
Heimaræktað bygg - Íslensk framleiðsla
Óerfðabreytt fjölbreytt fóður - Sólarljós

LITLA GULA HÆNAN

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# Ást er ekki ofbeldi, eða hvað?

BÓKMENNTIR ★★★★☆

**Gott fólk**
**VALUR GRETTISSON**
Bjartur

Bókaflóð lúta sömu lögmálum og önnur flóð, bera með sér alls kyns hluti, suma lítils nýta, aðra gagnlega og stöku sinnum eitthvað sem vekur furðu og fögnuð þeirra sem ströndina ganga og hirða rekann. Eitthvað sem finnanda/lesanda finnst að allir ættu að sjá/lesa/fá afnot af. Eitthvað sem kveikir óslökkvandi löngun til skoðunar, umræðna og nánari rannsókna. Eitthvað sem beinlínis krefst þess að við tökum til þess afstöðu.

Slíkur reki er meðal þess sem vorbókaflóðið skolaði á land. Bókin Gott fólk eftir Val Grettisson er ein af þessum sjaldséðu bókum sem lesandinn spyr alla sem hann hittir hvort þeir hafi lesið, hvað þeim finnist um hana og hvort þá langi ekki til að ræða efni hennar og efnistök við annan lesanda. Þetta er bók sem verður að ræða. Og helst strax í gær.

Sagan er sögð í fyrstu persónu af menningarblaðamanninum Sölva og hverfist um ábyrgðarferli. Það er þegar kona sem telur sig hafa orðið fyrir ofbeldi af hálfu karlmanns ákveður að fara ekki dómstólaleiðina heldur sendir tvo votta með bréf til hans þar sem hún krefst þess að hann gangist við því að hafa beitt hana ofbeldi í sambandi þeirra. Já eða nei eru einu svarmöguleikarnir sem hann hefur. Eftir að hann gengst við því að hafa verið hugsunarlaus ruddi í þeirra samskiptum fer af stað atburðarás sem hvorugt sá fyrir. Það að gangast við því að hafa beitt aðra manneskju ofbeldi veldur straumhvörfum í lífi Sölva, inn á við og út á við. Þegar upp er staðið veit hvorki hann né aðrir hvað er satt og hvað logið, hver beitti hvern ofbeldi og varla einu sinni hvað það hugtak eiginlega þýðir á þessum síðustu og bestu póstfemínísku tímum.

Spurningarnar sem Valur veltir upp í þessari fyrstu skáldsögu sinni eru knýjandi og undarlegt hve lítið hefur farið fyrir þessari bók í umræðunni. Vísunin í þekkt mál af sama toga sem komst í hámæli fyrir nokkrum árum veldur kannski því að fólk veigrar sér við að ræða þetta, en þótt líkindin séu augljós er hér vissulega um skáldsögu að ræða. Góða skáldsögu meira að segja; vel skrifaða með skýrri persónusköpun, þaulhugsaðri atburðarás og sterkum spurningum um það hver staðan sé á samskiptum kynjanna í samtímanum. Frasinn um að skila skömminni þangað sem hún á heima er undirliggjandi í málflutningi konunnar en um leið horfir hún og stuðningsmenn hennar framhjá þeirri staðreynd að á meðan á ástarsambandinu stóð bar hún aldrei fram ásakanir um ofbeldi og tók þátt í leiknum. Ber hún þá enga ábyrgð á samskiptamunstrinu? Er það á ábyrgð karlmannsins að passa að ekki sé gengið yfir ákveðin mörk í ástarsambandi? Hvert er í raun ábyrgðarferlið?

Þar sem sagan er sögð út frá sjónarhóli karlmannsins sem ásakaður er fær lesandinn ekki glögga mynd af því hvað fram fer í huga konunnar. Höfundur tekur hins vegar enga afstöðu í málinu en lýsir á hlutlausan hátt því sem gerist í lífi og huga Sölva eftir ásökunina. Þær lýsingar eru fantavel unnar og sannfærandi og kveikja endalausar spurningar. Spurningar sem við sem samfélag verðum að ræða og taka afstöðu til. Svo í guðanna bænum lesið þessa bók, takið afstöðu, ræðum saman.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Firnasterk og krefjandi skáldsaga um efni sem kemur okkur öllum við og neyðir okkur til að taka afstöðu.

# Jesús er áskorun

Kór Langholtskirkju flytur Jóhannesarpassíuna þar sem Oddur Arnþór Jónsson tekst á við hlutverk Jesú í einu magnaðasta verki tónlistarsögunnar.

Kór Langholtskirkju flytur Jóhannesarpassíuna eftir J. S. Bach í Langholtskirkju á sunnudaginn kl. 17. Kammersveit Langholtskirkju leikur með, konsertmeistari er Ari Þór Vilhjálmsson og stjórnandi Jón Stefánsson.

Jóhannesarpassía Bach var frumflutt í Nikulásarkirkjunni í Leipzig árið 1724 og er ótvírætt á meðal höfuðverka tónlistarsögunnar. Einstakt þrekvirki sem nýtur stöðugrar aðdáunar tónlistarunnenda og er einstök áskorun í flutningi fyrir klassíska einsöngvara.

Jóhannesarpassían byggir á Jóhannesarguðspjalli þar sem sagt er frá píslargöngu Jesú Krists.

Með hlutverk Jesú og bassaaríurnar fer Oddur Arnþór Jónsson, en hann á að baki talsverða sögu sem söngvari innan Langholtskirkjukórsins. „Meðan ég var í Söngskólanum hér heima á sínum tíma þá fór ég í kórinn og söng með honum öll námsárin. Ætli það hafi ekki verið frá því um 2005 til 2009 eða allt þar til ég lauk burtfararprófi og hélt út í nám.“



**JESÚ KRISTUR** Oddur Arnþór Jónsson fer með hlutverk Jesú Krists.

Oddur Arnþór hélt til náms í hinni víðkunnu tónlistarborg Salzburg þar sem hann býr og starfar í dag ásamt eiginkonu sinni, Júlíu Pujol píanóleikara, og sonum þeirra tveimur, þeim Jón Oliver tveggja ára og Finyan Má fjögra mánaða.

„Þessir strákar okkar eiga nú vart séns á öðru en að vera eitthvað í tónlist. Það er tónlist á heimilinu alla daga,“ segir Oddur Arnþór og brosir. „Tónlist er gríðarlega stór þáttur af daglegu lífi fólks í Salzburg, hvort sem er í skólakerfinu eða annars staðar og það er gaman að lifa og hrærast í þessum heimi tónlistarinnar. En svo er líka gaman að koma heim af og til og takast á við skemmtileg verkefni.

Þessa dagana er ég bæði að æfa fyrir tónleikana á sunnudaginn og svo líka fyrir Peter Grimes á Listahátíð í næstu viku. Það er líka alveg magnað verk og gaman að vera þátttakandi í því. Þetta eru ólík verkefni en mér gengur ágætlega að samræma þetta enda var ég í bæði óperu og ljóðaóratoríu í náminu á sínum tíma. Svo er ég ekki frá því að maður sé einmitt í besta forminu þegar það er mikið að gera.“

Oddur Arnþór er barítón en hann bendir á að það voru ekki skrifuð hlutverk fyrir barítóna á þeim tíma þegar Bach skrifaði Jóhannesarpassíuna. „Jesús er bassahlutverk og það felur í sér ákveðna áskorun fyrir mig. Ég hef reyndar sungið þetta hlutverk áður, en það var í Mílanó á síðasta ári og það gekk nú bara vel. Þannig að þó svo að það séu átök að takast á við Jesú þá er ég bara fullur tilhlökkunar fyrir tónleikunum á sunnudaginn og vona að sem flestir komi.“

Einsöngvarar auk Odds Arnþórs verða Benedikt Kristjánsson guðspjallamaður og tenór. Úr röðum kórfélaga syngur Davíð Ólafsson hlutverk Pílatusar og bassaaríu, sópranarnir Sigríður Ásta Olgeirsdóttir og Solveig Óskarsdóttir og Silja Elsabet Brynjarsdóttir alt auk nokkurra kórfélaga sem fara með smærri hlutverk.

**magnus@frettabladid.is**

**GLÆSILEGT EINBÝLISHÚS VIÐ LÆKINN Á FLÖTUNUM Í GARÐABÆ**







**Lóðin er mjög glæsileg með miklum harðviðar- og hellulögðum veröndum til suðurs með skjólveggjum, heitum potti og útisturtu.**

**Um er að ræða 462 fermetra einbýlishús á fjórum pöllum auk um 40 fermetra garðskála á þessum einstaka stað niður við lækinn á Flötunum í Garðabæ.**

Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á síðastliðnum árum og er í góðu ástandi.

Eignin skiptist m.a. í glæsilegar stofur með fallegum arni, stórt eldhús, allt að 6 svefnherbergi, stórt fjölskyldurými, rými þar sem innrétta má aukaíbúð og tvöfaldan bílskúr.

Lóðin er mjög glæsileg með miklum harðviðar- og hellulögðum veröndum til suðurs með skjólveggjum, heitum potti og útisturtu.

**Allar nánari upplýsingar og tímapantanir á skoðun eignarinnar er að fá hjá neðangreindum fasteignasölum.**

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984
535 1000 stakfell@stakfell.is
*Þorlákur Ómar Einarsson lögg. fast.sali.*

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

# Goðsagnir áfram á Innipúkanum

Skipulagningin á tónlistarhátíðinni Innipúkinn 2015 er komin vel á veg.



**MEGA STUÐ** Megas kom fram með hljómsveitinni Grísalappalísu í fyrra og vakti samspilið mikla lukku. MYND/ÞORSTEINN SURMELI

„Við erum búin að bóka nokkur bönd en það eina sem ég get sagt núna er að þetta stefnir í geggjaða hátíð,“ segir Ásgeir Guðmundsson, einn af skipuleggjendum tónlistarhátíðarinnar Innipúkinn 2015. Þetta er í fjórtánda sinn sem hátíðin fer fram en hún er haldin um verslunarmannahelgina í miðbæ Reykjavíkur.

Undirbúningur er hafinn á fullu og fer hátíðin fram samtímis á Húrra og Gauknum. „Við munum loka götunni til að mynda alvöru götuhátíðarstemningu yfir daginn,“ segir Ásgeir.

Það er venja hátíðarinnar að það komi alltaf að minnsta kosti ein lifandi goðsögn fram á hátíðinni og verður engin breyting á því í ár. „Viðræður eru hafnar við nokkur legend en ég get ekki gefið upp hvaða legend þetta eru að svo stöddu,“ bætir Ásgeir við og glottir.

Á síðasta ári kom fram goðsögnin Megas og lék hann með hljómsveitinni Grísalappalísu. „Svo hafa komið fram áður goðsagnir eins og Þú og ég sem komu fram með Moses Hightower og svo stigu Raggi Bjarna og Retro Stefson saman á svið, svo nokkur nöfn séu nefnd. Þetta er alltaf ótrúlega skemmtilegt.“

Fyrstu sveitir verða tilkynntar á næstu dögum og mun miðasala hefjast í kjölfarið.

- glp

FÖSTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**15. MAÍ 2015**

### Gjörningar

**21.00** Vídeó og tónlistargjörningurinn Doríon eftir Doddu Maggý verður fluttur í Kópavogskirkju. Tónverkið er flutt af Kvennakórnum Kötlu undir stjórn Hildigunnar Einarsdóttur og Lilju Daggar Gunnarsdóttur.

### Tónleikar

**21.00** Upphafstónleikar í tónleika og fyrirlestraröð um höfundarverk Atla Heimis Sveinssonar verða haldnir í Mengi í kvöld.

**21.00** Hljómsveitin Joy Division Tribute band mun spila á Bar 11 í kvöld. Ásamt þeim kemur hljómsveitin Antimony fram.



**21.00** Vegna mikillar eftirspurnar verða aukatónleikar til heiðurs Rúnari Júlíussyni sem hefði orðið 70 ára á þessu ári. Tónleikarnir verða í Stapa.

**22.00** Hljómsveitin Helter Skelter flytur Abbey Road plötu Bítlanna í heild sinni á tónleikum á Café Rosenberg Aðgangseyrir er 2.000 kr.

**23.00** Ingvar Grétarsson og félagar leika og syngja á ObLaDí-ObLaDa, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

**23.30** Coverbandið Alcoholia & Riffrildi halda tónleika á Íslenska rokkbarnum í Hafnarfirði í kvöld.

### Leiklist

**20.00** Leiksýningin Síðbúin rannsókn, endurupptaka á máli Jóns Hreggviðssonar verður sýnd í Tjarnarbíói, klukkan 20.00.

### Sýningar

**10.00** Sýningin Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur verður opin í dag frá klukkan 10-18. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

**20.00** Allsherjarkenningin: Leitin hefst eftir Ólöfu Rún Benediktsdóttur opnuð í dag. Verkin tengjast hugleiðingum hennar um eðli raunveruleikans.

**20.00** Birting er samsýning á verkum eftir íslenska samtímalistamenn þar sem unnið er út frá verkum Gerðar Helgadóttur. Sýningin verður í Gerðasafni.

### Kvikmyndir

**17.00** Caregivers eftir Libiu Castro og Ólaf Ólafsson verður sýnd í Bíói Paradís á opnunarhelgi Listahátíðar í Reykjavík 2015.

**18.00** Verkið Suspension of Disbelief eftir Elínu Hansdóttur verður sýnt í Bíói Paradís í kvöld.

### Dans

**19.30** Opnunarsviðsverk Listahátíðar Svartar fjaðrir eftir Sigríði Soffíu Níelsdóttur, verður sýnt í Þjóðleikhúsinu í kvöld.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*





ALLA VIRKA DAGA KL. 22:20

CURB YOUR ENTHUSIASM – EINN Á DAG

Frá og með deginum í dag sýnir Gullstöðin einn þátt á dag, alla virka daga, af Curb Your Enthusiasm.
Frábærir gamanþættir þar sem Larry David leikur sjálfan sig og ratar af óskiljanlegum orsökum sífellt í vandræði.

©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

365.is | Sími 1817 365

# LÍFIÐ

## TÍST VIKUNNAR MÓÐURÁST, POSAKERFI OG JESÚ



**Salka Sól Eyfeld**
@salkadelasol
Ég elska mömmu mína ekkert minna en hinir þó ég hafi ekki póstað mynd á Facebook #MothersDay #elskamömmumína. 10. maí



**Sóley Tómasdóttir**
@soleytomasar
Hvað hefur Facebook umfram Twitter? -afmælisdaga. 12. maí



**Steinþór Helgi**
@StationHelgi
Posakerfið bilað í Krónunni úti á Granda. Hef ekki séð svona mikið kaos síðan Lindex opnaði. 13. maí



**Margrét Erla Maack**
@mokkilitli
Síminn hringir, á hinni línunni er pabbi minn, afar áhyggjufullur. „Margrét, er kjúklingurinn í alvöru búinn á KFC? Eða er opið?“ 13. maí



**Þorsteinn Guðmundsson**
@ThorsteinnGud
Þykir alltaf soldið vænna um Jesús á frídögum. 14. maí






# Ensími snýr af

Ein virtasta rokkhljómsveit þjóðarinnar, Ensími, leggur nú
næstu vikum. Hljómsveitin ætlar að fagna útgáfunni með





1998

**KAFBÁTAMÚSÍK** Fyrsta plata Ensími leit dagsins ljós í október 1998 og hlaut nafnið Kafbátamúsík. Platan fékk frábærar viðtökur og fékk hljómsveitin tvenn verðlaun á Íslensku tónlistarverðlaununum það árið; sem bjartasta vonin og lagið Atari var valið lag ársins.



1999

**BMX** Upptökustjórinn heimsþekkti Steve Albini sem er best þekktur fyrir vinnu sína með hljómsveitum og listamönnum eins og Pixies og Nirvana kom til landsins og hljóðritaði hluta plötunnar sem síðan hlaut nafnið BMX og kom hún út á haustmánuðum 1999.

## PLÖTUR SVEITARINNAR



2002

**ENSÍMI** Í október 2002 kom síðan út platan Ensími á vegum HITT/Eddu og er þetta fyrsta plata Ensími sungin á ensku.



2010

**GÆLUDÝR** Platan var hljóðrituð í Sundlauginni og öll lögin tíu sem prýða plötuna eru sungin á íslensku. Platan kom út árið 2010.




Tölvutek • Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 • Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900 • www.tolvutek.is

## FÁNÝTUR EUROVISION FRÓÐLEIKUR 11 DAGAR Í EURO

- Ítalir tóku þátt árið 2011 í fyrsta sinn síðan 1997 og lentu í 2.sæti
- 20 af 25 þjóðum á lokakvöldinu árið 2011 fengu 12 stig.
- Eurovision var sýnt á Íslandi í fyrsta sinn 23. apríl 1983
- Árið 1969 fór Eurovision-keppnin fram í Madríd á Spáni 29. mars. Meðal keppanda var 12 ára drengur, Jean Jaques, sem keppti fyrir Mónakó
- Sama ár urðu sigurvegararnir fjórir, allir með 18 stig: Lulu frá Bretlandi, Lenny Kuhr frá Hollandi, Frida Boccara frá Frakklandi og Salomé með lagið Vivo Cantando
- Sigurvegari keppninnar árið 2012, Loreen frá Svíþjóð, með lagið Euphoria, fékk flest 12 stig frá upphafi eða 18 talsins
- Árið 2010 hljóp hinn spænski Jimmy Jump upp á svið og truflaði atriði sinnar eigin þjóðar. Spánverjar fengu þó annað tækifæri og fluttu atriðið sitt aftur
- Jóhanna Guðrún fékk alls 218 stig fyrir Íslands hönd árið 2009, þegar hún lenti í öðru sæti með lagið Is it true?, en það eru langflest stig sem við höfum fengið.
- Á árunum 2009-2013 lenti Aserbaídsjan í fimm efstu sætunum
- Írar héldu keppnina fjórum sinnum á fimm árum; 1993,1994,1995 og 1997.
- Páll okkar Óskar braut blað í sögu Eurovision þegar hann varð fyrstur til þess að nota handfrjálsan míkrofón árið 1997.
- Það er kraftaverk að keppnin hafi farið fram árið 1980. Ísraelar ætluðu fyrst að halda hana, en vegna peningaleysis tókst það ekki. Þá áttu Spánverjar að halda keppnina, svo Bretar en að lokum voru það Hollendingar og fór hún fram í Haag 19. apríl.



**ÓGLEYMANLEGT** Jóhanna Guðrún á sviðinu í Moskvu 2009.

**EUPHORIA** Loreen kom sá og sigraði fyrir Svíþjóð 2012.

# tur með nýja plötu

lokahönd á sína fimmtu breiðskífu. Platan ber nafnið Herðubreið og kemur hún út á heljarinnar útgáfutónleikum þann 13. júní í Gamla bíói.






Gunnar Leó Pálsson
gunnarleo@frettabladid.is


Hljómsveitin Ensími hefur haldið sig til hlés á undanförnum árum og hefur ekki gefið út plötu frá því árið 2010, en þá kom platan Gæludýr út. Sveitin er þó að vakna úr dvala um þessar mundir og er að leggja lokahönd á sínu fimmtu breiðskífu og er hún væntanleg til útgáfu á næstu vikum. Nýja platan mun bera titilinn Herðubreið.

Það eru eflaust margir tónlistarunnendur sem gleðjast yfir því að sveitin er að snúa aftur, enda hefur Ensími verið ein virtasta rokkhljómsveitin þjóðarinnar, allt frá því að hún gaf út sína fyrstu plötu, Kafbátamúsík árið 1998, þó svo að sveitin hafi ekki verið á forsíðu allra blaða alltaf.

„Ætli við séum ekki búnir að vera að vinna í plötunni í svona þrjú til fjögur ár. Heildartíminn var samt ekkert svo langur því við tókum þetta í skorpum. Ef við myndum búa til vinnuskýrslu væri þetta ekkert svo langur tími," segir Hrafn Thoroddsen einn af stofnendum hljómsveitarinnar spurður út í vinnuna við Herðubreið.

### Fara út fyrir þægindahringinn

Ensími leitar í ýmsar áttir á nýju plötunni og fer sveitin út fyrir þægindahringinn. „Síðasta plata var tekin upp live í Sundlauginni en þessa plötu höfum við unnið öðruvísi, við spiluðum til dæmis aldrei inn neitt lag allir í einu, nema kannski ég og Guðni bassaleikari. Þetta er meira stúdíóunnin plata en síðasta plata," segir Arnar Þór Gíslason, trommuleikari sveitarinnar. „Nýja platan er kannski aðeins rólegri en síðasta plata, minni ærslagangur enda erum við orðnir svo þroskaðir," bætir Arnar við léttur í lund. „Það má alveg segja að við séum að fara svolítið út fyrir þægindahringinn," segir Hrafn.

Hrafn og Arnar vilja þó ekki kalla þessa upprisu comeback. „Við höfum alltaf verið latir að spila tónleika og sérstaklega undanfarin ár. Síðustu svona átta ár höfum við verið að spila kannski fjórum til fimm sinnum á ári. Við höfum alltaf passað að láta ekki líða of langt á milli tónleika. Trixið er að passa að þetta stoppi ekki," útskýrir Hrafn og bætir við; „Við verðum líka ekki leiðir á að spila slagarana ef við spilum þetta sjaldan. Við þurfum þó alltaf að æfa þá aftur."

### Eins og fjölskylda

Nafn plötunnar er vísun í eitt lag plötunnar. „Nafnið Herðubreið er vísun í lag á plötunni og snýst um að komast yfir hindranir, sigrast á hlutum, klífa fjöll og það lá beinast við að draga fram drottningu íslenskra fjalla," segir Hrafn.

Frá því að Ensími var stofnuð árið 1996 hafa talsverðar mannabreytingar átt sér stað en sá kjarni sem myndar sveitina í dag er þéttur og sérstaklega þó líta þeir á sig sem eins konar fjölskyldu. „Við höfum verið frekar þéttur kjarni síðustu svona átta árin," segir Hrafn. „Við erum í raun eins og fjölskylda. Við erum líka í mörgum öðrum verkefnum saman," bætir Arnar við. Kjarni sveitarinnar hefur verið að leika saman í öðrum hljómsveitum eins og Dr. Spock, með Mugison, Bang Gang svo nokkur nöfn séu nefnd. Í dag skipa sveitina þeir Hrafn Thoroddsen söngvari, gítarleikari og hljómborðsleikari, Guðni Finnsson bassaleikari, Franz Gunnarsson gítarleikari, Arnar Þór Gíslason trommuleikari og Þorbjörn Sigurðsson hljómborðsleikari.

> **Nýja platan er kannski aðeins rólegri en síðasta plata, minni ærslagangur enda erum við orðnir svo þroskaðir.**
>
> *Arnar Þór Gíslason, trommuleikari Ensími*

**→ Útgáfutónleikar Ensími**

HVENÆR
**13. júní, klukkan 20.00**

STAÐUR
**Gamla bíó**

HVERNIG
**Miðasala hefst á tix.is klukkan 12.00 í dag**

### Semja sjaldan saman

Spurður út lagasmíðarnar segir Hrafn, aðalalagahöfundur Ensími, hljómsveitina ekki hittast í æfingahúsnæðinu til þess að semja saman, heldur verði lögin oftast til þegar menn eru hver í sínu horninu. „Ég hef yfirleitt komið með grunnhugmyndirnar og oft eru demóin sem ég kem með nokkuð tilbúin. Meðlimir sveitarinnar eru allir í 100 öðrum böndum þannig að það er extra erfitt að koma hópnum saman. Þess vegna höfum ekki verið semja saman í æfingahúsnæði," útskýrir Hrafn.

Hljómsveitin á mikið til af efni sem hefur ekki ratað á plötu. „Þegar við erum að vinna þá verður til fullt af lögum og lögin eru svo unnin mislangt. Sum lög fá meiri vinnu en önnur og sum þurfa að víkja. Það er til í rosalega mikið af efni ef b-side platan kemur einhvern tímann út," segir Arnar og hlær.

Ensími ætlar að fagna nýju plötunni með tónleikum sem fara fram þann 12. júní í Gamla bíói. Þar verður nýja platan leikin í heild sinni. En fáum við að heyra eitthvað af eldri slögurunum? „Fólk fær að heyra slagarana á tónleikunum, það er nóg til af lögum," segir Arnar.

Ensími ætlar að koma fram á fleiri tónleikum í sumar en þær dagsetningar sem eru bókaðar eru Secret Solstice-hátíðin og Bræðslan. „Það á eitthvað eftir að bætast við af tónleikum, við ætlum að vera duglegir að fylgja plötunni eftir," bætir Hrafn við.





www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Breyting á deiliskipulagi Kapelluhrauns 1. áfanga

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 10. mars 2015 að auglýsa deiliskipulagsbreytinguna með áorðnum breytingum í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin er vegna nýrra lóða við Bronshellu, Gullhellu og Koparhellu og felst í því að athafnalóðum á svæðinu er fjölgað og nýtingarhlutfall lækkað þannig að það verður almennt 0.2. Nýting lóða er ætluð starfsemi sem þarf mikið landrými frekar en mikið byggingarmagn.

Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 8-10 og hjá skipulags- og byggingarsviði Norðurhellu 2, frá 15. maí til 28. júní 2015. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á forsíðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is

Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 28. júní 2015. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytingarnar innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

*Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar*

2.598 kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI



**LAMBAINNRALÆRI**
verð áður 3.598 kr./kg

798 kr./kg



**GRILLSAGAÐUR FRAMPARTUR**
verð áður 928 kr./kg

2.998 kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI



**LAMBAPRIME**
verð áður 3.640 kr./kg

2.116 kr./kg



**FJALLALAMB SKYNDIGRILL**
verð áður 2.644 kr./kg

698 kr.




**MERRILD KAFFI NR. 103**
verð 698 kr.

398 kr.



**KÓKÓMJÓLK 6 X 1/4L**
verð 398 kr.

2.112 kr./kg



**FJALLALAMB SIRLOINSNEIÐAR**
verð áður 2.644 kr./kg

2.344 kr./kg



**FJALLALAMB LÆRISNEIÐAR**
verð áður 2.930 kr./kg

996 kr./kg



**DANSKUR KJÚKLINGUR FROSINN**
verð 996 kr./kg

698 kr.




**PEPSI EÐA PEPSI MAX 4 X 2L**
verð 698 kr./pakkningin

798 kr.




**EGILS APPELSÍN 4 X 2L**
verð 798 kr.

1.498 kr./kg




**SAMLOKUOSTUR**
verð áður 1.518 kr./kg

1.187 kr./kg




**GOUDA OSTUR 26%**
verð 1.187 kr./kg

998 kr.




**CHEERIOS TVENNA 2X576G**
verð 998 kr.

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - Tilvalið gjafakort

OPIÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudaga. www.fjardarkaup.is



398 kr./stk.

LENOR MÝKINGAREFNI 4 GERÐIR
verð áður 425 kr./stk.




1.498 kr./pk.

ARIEL COLOUR/REGULAR 1,43 KG
verð 1.498 kr./pk.




698 kr.

FK WC PAPPÍR 12 STK.
verð 698 kr.



348 kr./kg

VATNSMELÓNA
verð áður 448 kr.




1.598 kr./stk.

ARIEL COLOUR/REGULAR FLJÓTANDI 2,275L
verð 1.598 kr./stk.




498 kr.

FK ELDHÚSRÚLLUR 4 STK. Í PK.
verð 498 kr.



498 kr./kg

RAUÐ PAPRIKA
verð áður 698 kr.



168 kr./kg

APPELSÍNUR
verð áður 218 kr.







